ANTIKVA EHF 2018

# Fornleifaskráning á Álftanesi

# Deiliskipulag Miðsvæði og Suðurnes

Ragnheiður Traustadóttir,

Rúna K. Tetzschner og Margrét Valmundsdóttir






Forsíðumynd: Sjóvarnagarður á Skógtjörn

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning:

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9222-6-7

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum og Ómari Smára Ármannsyni, nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner

# Efnisyfirlit

Inngangur ... 13

Fornleifaskráningar ... 13

Skráningarsvæðið ... 15

Tilgangur fornleifaskráningar ... 16

Fornleifaskráning og aðferðir ... 19

Jarðar og fornleifanúmer ... 19

Tegund, hlutverk og heiti ... 19

Staðsetning ... 19

Staðhættir og lýsing ... 19

Hættumat ... 20

Fornleifar á svæðinu ... 22

Skógtjörn [195] ... 22

Skógtjörn bæjarhóll [400] bæjarhóll bústaður ... 24

Hústóft Skógtjörn [506] heimild ... 25

Kálgarður Skógtjörn [507] heimild ... 25

Útihús Skógtjörn [508] heimild ... 25

Kálgarður Skógtjörn [509] heimild ... 25

Markasteinn landamerki [567]heimild ... 25

Markasteinn landmerki [569] heimild ... 25

Markasteinn landamerki [570] heimild ... 25

Árnakot – Vestri Skógtjörn [676] heimild ... 26

Árnakotsvör [603] lending ... 27

Árnakotsbúð [648] heimild um verbúð ... 28

Útihús Árnakot [684] heimild ... 29

Útihús Árnakot [685] heimild ........ 29
Garðlag Árnakot [686] heimild ........ 29
Kálgarður Árnakot [695] heimild ........ 29
Brunnur Árnakot [697] heimild ........ 29
Kálgarður [485] heimild ........ 29
Hof [683] bústaður ........ 30
Moldarhús þurrabúð [398] heimild um þurrabúð ........ 30
Moldhúsagarður kálgarður [552] heimild um gerði ........ 30
Gíslakot þurrabúð [319] heimild ........ 31
Dómhildarkot þurrabúð [320] heimild ........ 31
Dómhildarkotsgerði [321] heimild ........ 32
Hólakot þurrabúð [324] heimild ........ 32
Hólakotstún [368] gerði ........ 33
Eysteinskot grasbýli [323] heimild ........ 33
Leið [512] gata troðningar ........ 34
Túngarður girðingastæði [547] og [515] garðlag ........ 34
Skógtjarnarhólsvarða [568] landamerki ........ 35
Skógtjarnarbrunnur [635] heimild ........ 35
Skógtjarnartúngarður [638] garðlag túngarður ........ 36
Aðhald – rétt [639] hleðslur ........ 37
Skógtjarnarbrunngata [645] heimild um leið ........ 37
Vörslugarður – túngarður [640] garðlag ........ 37
Sjóvarnagarður og túngarður [641] garðlag ........ 37
Skógtjarnarvör [642] heimild um lendingu ........ 37
Sjóvarnargarður [674] garðlag ........ 38
Lásakotstúngarður [643] garður ........ 40

Varir [646] rudd svæði lending ........ 41
Lásakot þurrabúð [657] tóftir ........ 42
Óþekkt [694] tóft ........ 43
Óþekkt [655] tóft ........ 44
Lásakotsbrunngata [691] gata ........ 45
Óþekkt [669] tóft ........ 46
Gerði kálgarður [519] og óþekkt [548] garðlag og þúst ........ 46
Brunnur [687] brunnstæði ........ 47
Gerði óþekkt [654] tóft ........ 47
Mýrargarður [679] heimild garðlag ........ 48
Hreppahlið – landamerki [680] heimild ........ 48
Marhálmstekja [703] heimild um nytjar ........ 48
Stíflishólar landamerki [1364] hleðslur ........ 49
Óssteinbogi [670] heimild um brú ........ 50
Skógtjarnarbúð [675] heimild um verbúð ........ 50
Svalbarði [196] ........ 50
Svalbarði [475] bæjarhóll bústaður ........ 51
Útihús [476] heimild ........ 51
Útihús [477] heimild ........ 51
Kálgarður [478] heimild ........ 52
Kálgarður [479] heimild ........ 52
Svalbarðstúngarður [486] heimild ........ 52
Lending [487] heimild ........ 52
Sólbarð [488] heimild ........ 52
Sviðholt [199] ........ 53
Sviðholt [960] bæjarhóll ........ 53

Sviðholtstraðir – Svalbarðatraðir [961] gata ... 54
Sameignargarður [965] kálgarður ... 54
Leið [969] heimild ... 54
Leið [964] gata ... 54
Túnahreinsun [447] steinhrúga ... 55
Sviðholtsbrú [449] gata og brú ... 55
Breiðamýri [968] heimild um ristu ... 55
Krókur þurrabúð [338] garðlag ... 56
Krókstraðir [970] heimild ... 57
Þórukot [340] býli ... 57
Fjósaflöt [361] heimild um fjós ... 58
Þórukotstraðir [966] gata ... 58
Þórukotsflöt [967] heimild um leikvöll ... 58
Þórukotsvör [627] lending ... 59
Þórukotstúngarður [543] túngarður ... 59
Hvanngarðsvöllur [578] kálgarður ... 60
Friðrikskot þurrabúð [580] býli ... 61
Hjallaland [971] býli ... 61
Hjallalandsvöllur [575] [576] [577] og Skiparéttargarður – Skiparéttargrandi [579] garðlög naust ... 62
Hjallakot þurrabýli [343] og túngarður heimild ... 63
Sviðholtsvarir [626] lending ... 65
Gella [628] heimild um lendingu ... 65
Haugshús [198] ... 66
Haugshús [360] þúst býli ... 66
Haugshúsabrunnur [429] brunnur vatnsból ... 67

Haugshúsabrunngata [430] heimild um leið ... 68
Haugshúsahóll [431] landamerki ... 68
Haugshúsagarður túngarður [432] heimild ... 68
Haugshúsaþúfa [433] landamerki ... 68
Brunnhús [434] brunnur ... 69
Brunnur [550] vatnsból ... 69
Tómthús þurrabúð [435] heimild ... 70
Haugshúsavör [696] lending ... 70
Halakot [310] bæjarstæði býli heimild ... 70
Gerði kálgarður [554] garðlag ... 71
Halakotsbrunngata [546] heimild um leið ... 71
Halakotsbrunnur [545] vatnsból ... 71
Kálgarður [556] garðlag ... 72
Halakotstúngarður [557] garðlag ... 72
Mótekja [558] heimild ... 73
Halakotsvör [559] lending ... 73
Samkvæmt örnefnaskrá lá Halakotsfjara „um malarkampinn nær allan“ og Halakotsvör „var í fjörunni vestur og fram frá“ Halakoti [310]. ... 73
Melshús [194] ... 74
Melshús [867] (GK-195:005;) bústaður þurrabúð heimild ... 75
Útihús [868] heimild ... 76
Útihús [869] heimild ... 76
Útihús [870] heimild ... 76
Kálgarðar [871] heimild ... 76
Melshúsavör [873] heimild um lendingu ... 76
Melshúsabúð [874] heimild um verbúð ... 76

Búðarflöt [875] heimild um leikvöll ... 77
Sjóvarnargarður [872] heimild ... 77
Kálgarðar [975] [976] [977] [978] [979] heimild ... 77
Brekkuflöt [981] heimild um kálgarð ... 77
Kálgarður [981] garðhleðsla ... 78
Lambhagi [399] heimild um þurrabúð ... 78
Sjóvarnargarður [388] heimild um garð ... 79
Brekka [197] ... 80
Brekka [300] bæjarhóll bústaður ... 80
Útihús [301] þúst ... 81
Brekkukot býli [337] heimild ... 81
Brekkuhóll [341] heimild um öskuhaug ... 81
Brekkuviti [514] heimild um vita ... 82
Kálgarður [535] heimild ... 82
Kálgarðar [542] heimild ... 82
Brekkubrunnur vatnsból [312] heimild ... 82
Markasteinar [605] heimild um landamerki ... 83
Útihús [302] heimild ... 83
Brekkubrunngata leið [303] heimild ... 83
Kirkjubrú [325] heimild um bæjarhól ... 83
Kálgarður Kirkjubrú [305] heimild um garðlag – hleðslu ... 84
Brunnur Kirkjubrú [329] heimild ... 84
Brunnur Kirkjubrú [330] – heimild ... 84
Núpskot [304] bæjarstæði býli ... 84
Garðlag [518] og þúst [517] tóftir ... 85
Tóft [647] heimild um tóft ... 85

Útihús [328] tóft ........ 86
Tóft [516] tóft og garðlag ........ 86
Sjávargata leið [311], vegur [652] og Brekkutraðir [307] heimild ........ 86
Brekkutúngarður [313-644-649] garðlag landamerki ........ 86
Sýsluvegur [314], [513] vegur leið og [511] ræsi í vegi ........ 88
Leið – krossgötur [316] heimild ........ 89
Kumlamýri [306] og kuml [459] og [460] rista og kuml ........ 90
Núpsstíflur [650] heimild um stíflu ........ 91
Grásteinn landmerki [534] landamerki álfasteinn ........ 91
Brekkuvör [601] heimild um lendingu ........ 92
Brekkubúð [602] heimild um þurrabúð ........ 92
Brekkubúðarvör [604] heimild um verbúð ........ 92
Samantekt og niðurstöður ........ 93
Heimildir ........ 96
Fornleifaskráning ........ 96
Kort ........ 96
Árnastofnun – Örnefnasafn ........ 96

Mynd 1 Skipulagssvæði á Álftanesi skipt upp í 5 svæði. ........ 15
Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ. ........ 16
Mynd 3 Kort af býlunum á Álftanesi um 1870 er í bókinni sjósókn. ........ 20
Mynd 4 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands........ 21
Mynd 5 Yfirlits kort sem sýnir að svæðið er mjög ríkt af fornleifum. ........ 22
Mynd 6 Bæjir, kot, þurrabýli og grasbýli á Suðurnesi. ........ 23
Mynd 7 Árnakot -Vestur Skógtjörn minjakort. ........ 26
Mynd 8 Útihús á Vestri Skógtjörn - Árnakoti ........ 27
Mynd 9 Túnakort 1917 af Svalbarða. ........ 28
Mynd 10 Leifar af Hólakoti [324] leynast undir þessum þúfum. ........ 32
Mynd 11 Sjóvarnagarður fyrir neðan túnin á Skógtjörn. ........ 34
Mynd 12 Brunnur [635] sem merktur er á örnefnakortið leynist undir þessum haug. ........ 35
Mynd 13 Aðhald [639] grjóthlaðið ........ 36
Mynd 14 Skógtjarnatúngarður [638] ........ 38
Mynd 15 Sjóvarnargarður fyrir neðan túnið á Skógtjörn. ........ 39
Mynd 16 Lásakotstúngarður [643] ........ 40
Mynd 17 Rudd svæði [646] hugsanlega verið lending þarna. ........ 41
Mynd 18 Bæjarhúsin á Lásarkoti ........ 41
Mynd 19 Einstaklega vel varðveittar minjar um búskaparhætti á seinni hluta 19. aldar. ........ 42
Mynd 20 Fornleifar í kringum Lásakot. ........ 43
Mynd 21 Tóft [655] innan garðs á Lásakoti. ........ 44
Mynd 22 Tóft [665] en nú horft norður ........ 44
Mynd 23 Lásabrunngata er vel varðveitt í í gegnum bæjarstæði en hverfur þegar hún kemur út í túnið. ........ 45
Mynd 24 Brunnur [687] ........ 47

Mynd 25 Gerði - tóft [654] ........ 48

Mynd 26 Stíflisgarður. Horft yfir til Garðalands frá Skógtjarnarlandi. ........ 49

Mynd 27 Þórukotstúngarður ........ 60

Mynd 28 Hvanngarðsvöllur [578] ........ 61

Mynd 29 Hlaðnir garðar [575-576-577] á Hjalllandsvelli ........ 62

Mynd 30 Þórukotstúngarður [543] Horft í norðaustur. T.h. er Þórukot. ........ 64

Mynd 31 Bæjarhóll Haugshúsa og brunnhús. Horft yfir til Sviðsholts. ........ 66

Mynd 32 Haugshúsbrunnur [429] undir tréhlera. Horft yfir til bæjarhóls Haugshúsa, Þórukot til vinstri. ........ 67

Mynd 33 Myndin er tekin árið 2010 af brunninum [434]. Nú er búið að slétta úr honum. ........ 69

Mynd 34 Brunnur ........ 69

Mynd 35 Gerði [554] við Halakot. Horft í suðaustur í átt að íbúðarhúsahverfi og landi Skógtjarnar. ........ 70

Mynd 36 Kálgarður [556] frá Halakoti. Myndin er tekin í norðvestur. ........ 71

Mynd 37 Leifar af Halakotstúngarði [557] en hann liggur sunnan við veginn frá Golfskálanum að Höfðabraut. ........ 72

Mynd 38 Fornleifar á Melhúsum. Sést vel þarna hvernig bæjarhólinn hefur farið undir veg og íbúðarbyggð. ........ 74

Mynd 39 Túnakort frá Melshúsum 1917. Sýnir heilmikil umsvif á svæðinu við Helguvík ... 75

Mynd 40 Leifar af grjóthlöðnum garði á Melshúsgranda. ........ 78

Mynd 41 Fornleifar á Brekku. ........ 79

Mynd 42 Bæjarstæði á Brekku í dag. ........ 81

Mynd 43 Leifar af útihús [328] við hlaðið upp við túngarðinn. ........ 85

Mynd 44 Brekkutúngarður og Sýsluvegurinn austan megin við. ........ 87

Mynd 45 Sýsluvegurinn horft í átt að Selskarði. ........ 88

Mynd 46 Ræsi á sýsluvegi [314] ........ 89

Mynd 47 Manngerður hóll hugsanlega kuml. ........ 90

Mynd 48 Grásteinn [534] fleygförin sjást ennþá vel. ........................................................... 91

# Inngangur

Að beiðni Arinbjörns Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags Misvæðis og Suðurness Álftaness sem er unnið af Þórhalli Sigurðssyni arkitekt. Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna er farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Miðsvæði og Suðurnes nær yfir um 94 hektara lands frá Lambhústjörn í austri til Helguvíkur í vestri, frá Skógtjörn í suðri til íbúðahúsabyggðar í Klukkuholti í norðri. Sex jarðir áttu áður land á þessu svæði og voru það Skógtjörn, Svalbarði, Sviðholt, Haugshús, Melshús og Brekka. Auk þessara bæja voru allmargar hjáleigur og þurrabúðir á hverri jörð. Þótt svæðið sé ekki stórt var byggðin mjög þétt, stutt var á milli býla og götur lágu þar fram og aftur. Á stærri bæjunum var stundaður hefðbundinn landbúnaður, einkum sauðfjárrækt og kúabúskapur. Jafnframt var þar mikið útræði. Litlu býlin höfðu sum svolitla grasnyt, ræktuðu grænmeti og áttu kannski eina kú, en lifðu þó aðallega á því sem hafið gaf. Fjölmargar verbúðir stóðu meðfram sjávarkambinum við Helguvík en lendingar hafa líklega verið bæði þar og við Skógtjörn. Margvíslegar minjar sem varðveittar eru á svæðinu endurspegla þennan blandaða búskap og samgang milli íbúanna. Þarna eru fornir bæjarhólar, tóftir smábýla og útihúsa, brunnar og grjóthlaðin gerði, túngarðar, landamerkjagarðar og sjóvarnargarðar, götur og varir. Við skráninguna fundust einnig nokkrar minjar sem ekki voru þekktar áður á svæðinu. Hins vegar uppgötvaðist að minjar kringum bæjarstæði Kirkjubrúar [325] [305] [304] hafa horfið vegna byggingaframkvæmda þrátt fyrir nákvæma deiliskráningu árið 2004.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu, en þeir hafa farið óteljandi ferðir um svæðið í gegnum tíðina. Ómar Smári Ármannsson fornleifafræðingur hefur auk þess aðstoðað við skráninguna á vettvangi. Þeim og öðrum sem veittu aðstoð við gerð þessarar fornleifaskráningar er þökkuð aðstoðin. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

# Fornleifaskráningar

Á tímabilinu 2001-2004 fóru fram sex fornleifarannsóknir og skráning í Bessastaðahreppi. Í mars og apríl árið 2001 rannsökuðu starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands bæjarhól Skógtjarnar [400], austan við Miðskóga 22. Grafnir voru sex könnunarskurðir í og við hólinn og fundust miklar mannvistarleifar í þremur þeirra sem benda til búsetu á staðnum í að minnsta kosti 500-600 ár. Niðurstöður rannsóknarinnar á Skógtjörn eru hafðar til hliðsjónar við skráninguna hér. Þetta sama ár vann Þjóðminjasafnið einnig vettvangskönnun vegna deiliskipulags Hvols í landi Breiðabólsstaða sem er þó utan við framkvæmdasvæðið sem hér um ræðir. Í desember 2001 var gerð úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags Sviðholts og í október 2002 vegna deiliskipulags í landi Brekku. Fornleifastofnun Íslands framkvæmdi báðar rannsóknir og annaðist síðan svæðisskráningu fyrir allan Bessastaðahrepp árið 2004. Birtist þar heildarskrá

yfir allar þekktar minjar úr ritheimildum og af kortum, auk byggðasögu svæðisins og sögu býlanna í hreppnum.

Sama ár fór fram deiliskráning á völdum aðalskipulagsreitum í Bessastaðahreppi. Jarðirnar Hlið, Skógtjörn, Brekka, Sviðholt, Haugshús, Eyvindarstaðir, Akrakot og Breiðabólsstaðir voru þá skráðar í heild eða að hluta eftir því hve mikið af þeim var innan skipulagsreita. Við þessa skráningu voru niðurstöður fyrri skráninga hafðar með og auk heimildakönnunar fór fram nákvæm skráning fornleifa á vettvangi og staðsetning þeirra með GPS staðsetningartækjum. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar fornleifa á þessum jörðum og kort með staðsetningu minjanna. Frávik geta verið í mælingum enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag. Hér eru einkum nýttar lýsingar úr deiliskráningunni árið 2004 á jörðunum Skógtjörn, Brekku, Sviðholti og Haugshúsum og jafnframt er stuðst við svæðiskráningu Svalbarða og Melshúsa frá sama ári. Þessar jarðir eru allar á Miðsvæði og Suðurnesi Álftaness.

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. *Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi: Fornleifakönnun á bæjarhól*. Rannsóknarskýrslur 3. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2001.
Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon og Rúna K. Tetzschner. *Breiðabólstaðir í Bessastaðahreppi: Svæðisskráning og vettvangskönnun vegna deiliskipulags á reit Hvols*. Rannsóknarskýrslur 6. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2001.
Orri Vésteinsson. *Úttekt á fornleifum vegna deiliskipulags í Sviðholti*. Bréf. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2001.
Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Brekku í Bessastaðhreppi*. Bréf. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2002.
Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Bessastaðahreppi*. FS226-03211. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2004.
Guðrún Alda Gísladóttir. *Deiliskráning í Bessastaðahreppi: Fornleifaskráning á völdum skipulagsreitum*. FS237-04031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2004.




**Mynd 1 Skipulagssvæði á Álftanesi skipt upp í 5 svæði.**

## Skráningarsvæðið

Fyrirhugað framkvæmdasvæði skiptist í fimm skipulagsreiti þar sem áætlað er byggja í jafnmörgum áföngum, fyrst í nyrðri hlutanum (1, 2 og 3) og síðan í syðri hlutanum (4 og 5). Austan megin afmarkast það af Álftanesvegi og liggur norðurjaðar svæðisins úr norðaustri til suðvesturs rétt neðan íbúðahúsabyggðar meðfram skipulagsreitum 1, 2 og 3. Breiðumýri [968] teygir sig yfir mestallan reit 1 og hluta af reit 2. Vestar tekur við tún bæjarins Sviðholts [960] og suðvestan hans var áður hjáleigan Krókur [338]. Vestan Suðurnesvegar eru tún Þórukots [340], Haugshúsa [360] og Halakots [310] sem Halakotstjörn er kennd við. Einnig voru þar litlu býlin Friðrikskot [580], Hjallaland [971] og Hjallakot [343] en þessi tún hafa nú að miklu leyti verið lögð undir golfvöll Álftnesinga. Vestan megin afmarkast skipulagssvæðið af Helguvík en þar voru áður lendingar báta og sjást varir í klettafjörunni.

Sunnan Suðurnesvegar og Höfðabrautar liggur náttúrulegur hryggur, Grandi, í suðvestur meðfram norðurmörkum skipulagsreita 4 og 5. Á Grandanum og meðfram honum stóðu áður margir bæirnir og lá vegur eða Sjávargata [311-65-307] á milli þeirra allt frá Bessastöðum, um Kirkjubrú [325], Brekku [300], Brekkukot [337], Svalbarða [475], Melshús [194] og alla

leið út á Hliðstanga að Hliði. Austurmörk skipulagssvæðisins liggja þvert yfir Hliðsgranda vestan við Melshúsagranda sem skagar í suður út að Skógtjarnarósi. Hann var einnig kallaður Lambhagatangi eftir kotinu Lambhaga [399] sem stóð þar áður. Austan við Melshúsagranda, meðfram norðurbakka Skógtjarnar voru Árnakot eða Vestri-Skógtjörn [676], Moldarhús [398] og Skógtjörn eða Eystri-Skógtjörn [400]. Á öllu þessu svæði er nú íbúðahúsabyggð en gömlu bæjahólarnir leynast sums staðar á milli nýrri bygginga og má sjá dreifingu þeirra skýrt á meðfylgjandi korti. Austan og sunnan núverandi byggðar er túnið frá Skógtjörn og þar meðfram við bakka sjávarlónsins Skógtjarnar voru bæjastæði Gíslakots [319], Eysteinskots [323], Dómhildarkots [320], Hólakots [324] og Lásakots [657]. Þetta hverfi lendir mestallt innan reits 5 og var kennt við stórbýlið Skógtjörn en líklega hafa hinir bæirnir flestir byggst úr landi hennar. Austan Skógtjarnarhverfis og núverandi byggðar er svo Kumlamýrin [306] sem nær allt niður að Skógtjörn við suðurmörk skipulagssvæðisins og Lambhústjörn við austurmörkin.




**Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.**

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar samkvæmt 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal samkvæmt 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

# Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jarðirnar ; Skógtjörn, Svalbarði, Sviðholt, Haugshús, Melshús og Brekka. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og kort gerð auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

## Jarðar og fornleifanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „Grásteinn [534]" eða hlutverki þeirra t.d. „gerði [554]". Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum

## Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Sjávargata [311], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

## Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

## Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var það 97 fornleifar sem hefur horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum. En í mörgum geta minjar leynst undir sverðinum.




**Mynd 3 Kort af býlunum á Álftanesi um 1870 er í bókinni sjósókn.**



544, Gerði og bæjarstæði, Arkeologiskt objekt

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

| Attribute | Value |
|---|---|
| Bæjarnafn | Halakot |
| Jarðatal Johnsen | 197 |
| Flokkun | Búsetuminjar |
| Tegund | Garðlag |
| Lengd | 34.9 meter |
| Breidd | 23.2 meter |
| Hæð | 0.60 metrar |
| Athugasemdir | Bæjartóftin er innan garðs en búið að slétta úr henni. |
| Umhverfi | Allt í kring er búið að slétta, golfvöllur. |
| Adalsvædi | Álftanes |
| Svæði | Suðurnes |
| Túnakort | Túnakort 1917 |
| Heimildir | Sjósókn, 34 |
| Örnefnaskrá | |
| Aldur | <None> |
| Skráning | RT-RKT |
| Mæling | Uppmæling |
| Ár | 2016,2017 |
| Dagur | |
| Horfin | Nei |
| Horfin_astæða | <None> |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorso | Vegna framkvæmda |
| Ástand | Vel greinanlegar fornleifar |
| GPS hnit Norður | 6405902 |
| GPS hnit Vestur | 2201727 |
| Verkefni | Deiliskipulag á Álftanesi, Miðsvæði og Suðurnes |
| Gömul númer | GK-197:032 |
| Sveitarf | Garðabær |
| Sveitarfelagsnr | 225 |
| Friðað | Já |
| Hlutverk | Bæjarhóll |

**Mynd 4 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.**

# Fornleifar á svæðinu



**Mynd 5 Yfirlits kort sem sýnir að svæðið er mjög ríkt af fornleifum.**

# Skógtjörn [195]

Jörðin Skógtjörn er fyrst nefnd í *Þórðar sögu kakala* í *Sturlungu*: „Gaf Þórður til staðarins í Skálaholti Skógtjörn á Álftanesi fyrir sál föður síns og móður.“ Þetta á að hafa verið árið 1248.[1] Næst er Skógtjarnar getið í jarðskiptabréfi frá 1556 þar sem samþykkt er að eignarhald átta jarða, þar á meðal hennar, færist frá Skálholtsdómkirkju til konungs.[2] Jarðarinnar er einnig getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1703 en þar er jarðardýrleiki sagður óviss. Þá brýtur sjórinn „engi jarðarinnar [...] í Skógtjörn og ber þar uppá sand og marálm“.[3] Þetta hefur þó verið stór jörð enda er hún talin eitt af aðalbýlunum á Álftanesi. Tvíbýli er á Skógtjörn og nefnast ábúendur Eyjólfur Einarsson og Jón Jónsson. Átta manns eru í heimili hjá hvorum um sig. Auk þeirra eru nefndir tveir hjáleigumenn, Jón Þóroddarson sem býr innanbæjar hjá Eyjólfi og Bárður Geirmundsson sem býr við nýuppbyggt hesthús hjá Jóni.[4]

[1] *Sturlunga saga*, 548.
[2] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XIII, 139.
[3] *Jarðabók,* 202-204.
[4] *Jarðabók*, 201-202.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er jörðin skráð sem bændeign og metin á 20 hdr. Ábúendur eru þá einn eigandi og tveir leiguliðar.[5] Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* er Skógtjörn talin upp með einni hjáleigu og þremur tómthúsum.[6] Hjáleigurnar og þurrabúðirnar eru ekki nafngreindar í þessum heimildum en gætu verið einhver þeirra býla sem Erlendur Björnsson lýsir á síðari hluta 19. aldar og greint er frá í örnefnalýsingum.[7] Áfram hefur verið tvíbýli á jörðinni og getið er um tvo bæi, Eystri-Skógtjörn eða Skógtjörn og Vestri-Skógtjörn eða Árnakot [676] sem byggst hefur úr henni.[8] Hjáleigur og þurrabúðir í Skógtjarnarlandi eru taldar vera Moldarhús [398], Gíslakot [319], Dómhildarkot [320], Eysteinskot [323], Hólakot [324] og Lásakot[657]. Svalbarði [475] og Melshús [867] eru auk þess sögð hafa byggst úr Skógtjarnarlandi og í nágrenni þeirra eru einnig þurrabúðirnar Halakot [310] og Lambhagi [399]. Skógtjörn með hjáleigum og þurrabúðum nefndist Skógtjarnarhverfi.[9] Á túnakorti af Skógtjörn frá 1917 kemur fram að tún eru 2,9 teigar að stærð, að mestu sléttuð en örlítið farin að þýfast.




**Mynd 6 Bæjir, kot, þurrabýli og grasbýli á Suðurnesi.**

Nú hefur íbúðarhúsabyggð risið allt í kringum hið gamla bæjarstæði Skógtjarnar nema hvað sléttað tún er austan þess. Land jarðarinnar er í aflíðandi halla mót suðri, niður að sjávarlóninu

[5] *Jarðatal á Íslandi*, 93.
[6] *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 207.
[7] *Sjósókn*, 33-36.
[8] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.; Ö-Skógtjörn KE.
[9] Ö-Álftaneshreppur, 167-170.

Skógtjörn. Landamerkjum jarðarinnar er lýst í örnefnaskrá: „Bæirnir Eystri-Skógtjörn og Vestri-Skógtjörn liggja norðan samnefndrar tjarnar (sjávarlóns), Skógtjarnar. Austurmörk jarðanna eru á móti Selskarði suður frá Skógtjörn – norður í svonefnt Hreppahlið. En þetta voru jafnframt hreppamörk á milli Garðahrepps og Bessastaðahrepps, en nú er þetta sameinað sveitarfélag. Norðurmörk eru frá hreppamörkum vestur með landi Kirkjubrúar og Brekku eftir grjótgarði [313] að svonefndum Grásteini [534]. Þaðan liggja merkin eftir Sýsluvegi [314] að Melshúsalandi og þaðan suður í Skógtjörn.“[10]

## Skógtjörn bæjarhóll [400] bæjarhóll bústaður

Á túnakorti frá árinu 1917 er bærinn Skógtjörn staðsettur um 300 m suðvestan við Brekku [197]. Þar má sjá tvö samhliða steinhús eða timburhús sem liggja þétt saman með stefnuna norðvestur – suðaustur. Heimreiðin liggur að norðvestan frá Svalbarði og meðfram göflum húsanna suðaustan megin og má því ætla að þar séu framgaflar. Norðaustara húsið er örlítið stærra.[11] Þetta hafa að öllum líkindum verið íbúðarhúsin á Skógtjörn á þessum tíma en bærinn nefndist einnig stundum Eystri-Skógtjörn til aðgreiningar frá vestari Skógtjarnarbænum. Í örnefnalýsingu segir: „Bæirnir Eysri-Skógtjörn og Vestri-Skógtjörn liggja norðan samnefndrar tjarnar (sjávarlóns), Skógtjarnar. [...] „Eystri-Skógtjörn hét Skógtjörn áður en Vestri-Skógtjörn (5) kom til og svo er hún stundum nefnd enn.“[12]

Nú er íbúðahverfi þar sem Skógtjarnarbæirnir voru áður og íbúðarhús Eystri-Skógtjarnar er staðsett við Miðskóga 22. Það er nokkru austan við bæjarhólinn þar sem talið er að Skógtjarnarbæirnir hafi staðið um aldir og jafnvel frá upphafi. Gamli bærinn sem stóð þar síðast var rifinn árið 2001 og þá byrjað að grafa fyrir nýju húsi í sama stæði. Fljótlega var komið niður á mannvistarleifar og fór þá fram fornleifakönnun þar sem grafnir voru sex könnunarskurðir í hólinn. Komið var niður á þykkar mannvistarleifar, allt að 1 m að þykkt, sem líkur eru á að hafi hlaðist upp á löngum tíma, jafnvel frá því snemma á miðöldum til upphafs 20. aldar. Undir gjóskulagi sem rakið var til Kötlu og talið frá því um 1500 e.kr. fundust öruggar vísbendingar um mannvist. Þar með er ekki sagt að allar minjarnar hafi verið aldursgreindar með vissu en þó er ljóst að þær vitna um búsetu á þessum stað í að minnsta kosti 500-600 ár. Á þessu svæði eru því fornleifar sem ekki má hrófla frekar við án undangenginnar rannsóknar. Stæði nýja íbúðarhússins við Miðskóga 22 var því flutt til og er gamla bæjarstæðið rétt austan við það en norðan við húsið Tjarnarland.[13]

[10] Ö-Skógtjörn KE; sjá einnig Ö-Álftaneshreppur GS, 167.
[11] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[12] Ö-Skógtjörn KE.
[13] Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon, *Fornbýlið Skógtjörn*, 5-12.

### Hústóft Skógtjörn [506] heimild

Við norðausturlanghlið norðaustara bæjarhússins á Skógtjörn, nær suðausturgafli þess má á túnakorti sjá lítið ferhyrnt mannvirki sem opnast í norðaustur, sennilega hústóft.[14] Ekki sést til fornleifa.

### Kálgarður Skógtjörn [507] heimild

Matjurtagarður með görðum hlöðnum úr grjóti eða torfi liggur á túnakorti út frá afturgöflum íbúðarhúsa á Skógtjörn með sömu stefnu og þau, þ.e. norðaustur – suðvestur. Garðurinn virðist vera merktur Árnakoti [676].[15] Ekki sést til fornleifa.

### Útihús Skógtjörn [508] heimild

Á móti íbúðarhúsum Skógtjarnar, austan megin heimreiðarinnar er á túnakortinu minni bygging eða útihús. Það er byggt úr torfi en með standþili á gafli sem snýr í norðaustur út frá matjurtagarði. Útihúsið er staðsett í norðvesturhorni matjurtagarðs [509].[16] Ekki sést til fornleifa.

### Kálgarður Skógtjörn [509] heimild

Matjurtagarður með görðum hlöðnum úr grjóti eða torfi liggur á túnakorti út frá afturgafli torfútihúss [508] á Skógtjörn og hefur sömu stefnu og það, þ.e. norðaustur – suðvestur. Veggir eru hlaðnir úr grjóti eða torfi í kring nema fyrir suðvesturendanum og á svolitlum kafla beint út frá húsinu norðvestan megin. Þar er girt fyrir með járni og tré, sennilega með gaddavírsgirðingu.[17]

### Markasteinn landamerki [567]heimild

Í örnefnaskrá segir: „Markasteinn: Grágrýtissteinn er stóð við eystra horn Moldhúsagarðs [552].“[18] Steinninn er horfinn undir byggð.

### Markasteinn landmerki [569] heimild

Um landamerki Skógtjarnar segir í örnefnaskrá: „Markasteinn: Steinn þessi var við norðanverðan Skógtjarnarbala.“[19] Hann hefur þá verið ofan túnsins.

### Markasteinn landamerki [570] heimild

Um landamerki Skógtjarnar segir í örnefnaskrá: „Markasteinn: Grágrýtissteinn er stóð við Brekkutraðir [307] milli túna Skógtjarnar [195] og Brekku [197].“[20] Þetta hefur miðað við

[14] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[15] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[16] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[17] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[18] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.
[19] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.
[20] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.

túnakortið verið norðaustan eða austan við Skógtjörn því traðir lágu bæði í vestur og suður frá Brekku. Markasteinninn hefur horfið undir byggð.




**Mynd 7 Árnakot -Vestur Skógtjörn minjakort.**

# Árnakot – Vestri Skógtjörn [676] heimild

Miðað við *Jarðabókina* hefur verið tvíbýli á Skógtjörn að minnsta kosti frá því jarðirnar voru skráðar árið 1703.[21] Á túnakorti árið 1917 er vestari Skógtjarnarbærinn kallaður Árnakot. Þar má sjá tvískipta ferhyrningslaga byggingu sem virðist vera úr torfi en veggurinn suðvestan megin gæti verið úr steini eða timbri. Minna hólf eða anddyri gengur út af húsinu í austur og gæti líka verið steinsteypt eða byggt úr timbri.[22] Erlendur Björnsson segir í endurminningum árið 1945 að Sveinn Gestsson hafi búið í Árnakoti: „Gerði hann út og var einnig járnsmiður, smíðaði öngla og annað, er að útgerð manna laut, og var hann mesti víkingur við það starf.“[23] Getið er um báða Skógtjarnarbæina í örnefnalýsingum en þar eru þeir jafnframt kallaðir Vestri-Skógtjörn og Eystri-Skógtjörn [400] og nöfnin útskýrð nánar: „Vestri Skógtjörn hét áður Árnakot og var byggt úr landi Skógtjarnar. Klemens, faðir Sigurfinns, skírði það upp og nefndi Vestri-Skógtjörn. Húsið á Vestri-Skógtjörn stendur á hrygg, sem nær frá Bessastaðanesi og vestur að Hliði. Í túninu hefur hryggur þessi verið nefndur Bali. U.þ.b. 20-

[21] *Jarðabók,* 201.
[22] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[23] *Sjósókn*, 34.

30 m suðvestur af húsinu á Vestri-Skógtjörn er nýbyggt hús, Tjarnarbakki.“[24] Þegar fram leið var Árnakot einnig stundum kallað Skógtjörn efri. Árnakot var með grasnyt í landi Skógtjarnar og nefndist túnið kringum býlið Árnakotstún.[25] Það var 3 teigar, að mestu leyti slétt og smáþýft. Garðar ná yfir 1280 m2.[26]



**Mynd 8 Útihús á Vestri Skógtjörn - Árnakoti**

## Árnakotsvör [603] lending

Í örnefnaskrá segir: „Árnakotsvör: Hún lá aftur á móti sunnan Hliðsgranda.“[27] Væntanlega hefur lendingin þá verið í fjörunni vestan í Melshúsagranda. Yst í honum þeim megin, neðan við húsið sem nú stendur við götuna Lambhaga 14, má sjá mannvirki sem gæti verið lending eða bryggja og þá hugsanlega frá Árnakoti. Það er hlaðið úr stórum grjóthnullungum, um 39 m á lengd og 6 m á breidd, og gengur út í suðvestur frá grandanum. Sunnan megin virðast grjóthnullungar liggja áfram í sveig upp í fjöruna.

[24] Ö-Skógtjörn KE.
[25] Ö-Álftaneshreppur GS, 169.
[26] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[27] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.



**Lending frá Árnakoti vestan í Melshúsagranda**

## Árnakotsbúð [648] heimild um verbúð

Árnakotsbúð var samkvæmt örnefnaskrá „búð frá Árnakoti upp af vörinni, vestan Melshúsabúðar."[28] Ekki sést til búðar á þessu svæði en sennilega hefur hún staðið á Búðarflöt eins og fleiri búðir frá bæjunum.




**Mynd 9 Túnakort 1917 af Svalbarða.**

[28] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.

### Útihús Árnakot [684] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu fylgja hænsnahús og fjárhús með Árnakoti og eru staðsett austan við bæjarhúsin, enn þá austar en fjósið, hlaðan og brunnurinn. „Suðurmörkin á milli Vestri-Skógtjarnar og Eystri-Skógtjarnar eru frá hænsnahúsi austur í Skógtjarnarbæ (þ.e. á Eystri-Skógtjörn).“[29] Líklega hefur hænsnahúsið verið rétt við garðlag og merkjagirðingu sem sjá má á túnakorti miðja vegu milli bæjanna. Horfið undir byggð.

### Útihús Árnakot [685] heimild

Á túnakortinu má sjá torfhús með stefnuna suðvestur – norðaustur og framan við það, þ.e. fyrir suðvesturgafli virðast vera þrjár samfastar hústóftir sem opnast suðvestur. Teikningin er þó dálítið máð þannig að mögulega er tvö vestari húsin í þessari röð torfhús með standþili. Sennilega eru þetta útihúsin við Árnakot en samkvæmt örnefnalýsingu voru „gömul hlaða og fjós“ „austur og suðaustur frá bænum.“[30] Auk þess má gera ráð fyrir að Sveinn járnsmiður hafi haft smiðju undir starfsemi sína.

### Garðlag Árnakot [686] heimild

Aftan við og upp við bæjarhúsin norðan megin er á túnakortin teiknað inn gamalt garðlag í kringum blett sem kominn er í órækt.[31]

### Kálgarður Árnakot [695] heimild

Suðvestan megin við bæjarstæði Árnakots er á túnakorti sýndur kálgarður með veggjum hlöðnum úr grjóti eða torfi vestan megin og austan niður að sjó. Gaddavírsgirðing virðist vera við þá hlið sem snýr að bæjarhúsunum en gata liggur á milli þeirra og garðsins.[32]

### Brunnur Árnakot [697] heimild

Á túnakorti frá 1917 má sjá brunn rétt austan við kálgarð eða skammt sunnan við bæjarhúsin á Árnakoti. Samkvæmt örnefnalýsingu á hann að hafa verið staðsettur suðaustan við bæinn en sunnan við fjósið og er það í samræmi við túnakortið: „U.þ.b. 15 m suður frá fjósi var gamall, hlaðinn brunnur.“[33] Ekki fannst hann við vettvangsskoðun.

### Kálgarður [485] heimild

Á túnakorti má sjá kálgarð umgirtan hlöðnum veggjum sunnan megin upp við götuna [652] sem liggur eftir Granda fram hjá bæjarhúsum á Svalbarða. Garðurinn liggur rétt vestan við heimreið Eystri-Skógtjarnar í norðausturhorni túnsins sem heyrði undir Vestri-Skógtjörn eða Árnakot. Hann virðist vera merktur Árnakoti.[34]

[29] Ö-Skógtjörn KE.
[30] Ö-Skógtjörn KE.
[31] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[32] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[33] Ö-Skógtjörn KE.
[34] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.; Ö-Skógtjörn KE.

### Hof [683] bústaður

Í örnefnaskrá segir: „Hof: Hús sem stendur í Skógtjarnarlandi. Gerði: Hof stendur í svokölluðu Gerði í Skógtjarnartúni.“[35] Þetta var í austasta hluta túnsins.[36] Ekki eru neinar fornleifar á þessu svæði.

## Moldarhús þurrabúð [398] heimild um þurrabúð

Moldarhús er ekki merkt inn á túnakort árið 1917 en heitið Moldarkot er þó sett innan sviga með spurningarmerki þar sem bæirnir og kotin eru talin upp í titli kortsins. Erlendur Björnsson segir hins vegar frá því í endurminningum sínum frá 1945 að „í Moldarhúsum bjó Brynjólfur, sem gerði út á vertíðum fjögramannafar, en réri fyrir hlut sínum utan vertíðar. Þar var gras handa einni kú.“ Hann merkir Moldarhús inn á kort mitt á milli bæjanna Árnakots og Skógtjarnar [400] við bakka samnefnds sjávarlóns.[37] Staðsetningin er svipuð á örnefnakorti Álftaness frá árinu 1977 en miðað við þetta hefur Moldarkot verið staðsett á sömu slóðum og kálgarður [552] sem sést á túnakorti mitt á milli Skógtjarnarbæjanna tveggja. Í örnefnalýsingu eru Moldarhús talin meðal býla sem liggja meðfram sjávarlóninu innan svokallaðs Skógtjarnarhverfis.[38] Einnig segir: „Moldarhús: Var þurrabúð eða hjáleiga úr Skógtjarnarlandi. Stóð ofan í túninu upp undir Alfaraveginum. Moldarhúsatún: Túnskækill sem fylgdi þurrabúðinni.“[39] Eins og hjá Erlendi er greint frá staðsetningu miðja vegu milli Skógtjarnarbæjanna tveggja þess eystri (Skógtjarnar) og vestri (Árnakots): „Í línu u.þ.b. mitt á milli Eystri- og Vestri-Skógtjarnar var áður gamall bær, er Moldarhús hét, fór í eyði fyrir 40-50 árum.“[40] Miðað við að þetta var skráð 1976 hefur hefur býlið lagst af í kringum 1930. Þarna er komin íbúðabyggð, Miðskógar 8 og 14.

### Moldhúsagarður kálgarður [552] heimild um gerði

Á túnakorti má sjá kálgarð með veggjum hlöðnum úr grjóti eða torfi um það bil miðja vegu milli Árnakots og eystri Skógtjarnarbæjarins. Á örnefnakorti Álftaness er þurrabúðin Moldarhús [398] merkt inn á svipuðum stað og gæti gerðið því hafa tengst henni. Samkvæmt örnefnaskrá lágu landamerki Skógtjarnar frá Markasteini við Moldhúsagarð.[41] Á túnakotinu er garðurinn tengdur við vestari kálgarðinn [507] á Skógtjörn með girðingu og hefur merkjalínan milli Árnakots og Skógtjarnar legið eftir henni. Þarna er komin íbúðabyggð og lóð Miðskóga 8.

[35] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[36] Ö-Skógtjörn KE.
[37] *Sjósókn*, 34-35.
[38] Ö-Bessastaðahreppur AG.
[39] Ö-Álftanes GS, 168.
[40] Ö-Skógtjörn KE.
[41] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.

## Gíslakot þurrabúð [319] heimild

Samkvæmt örnefnaskrá var Gíslakot „þurrabúð frá Skógtjörn suðaustur frá Skógtjörn“ og Gíslakotstún hét „lítið gerði sem fylgdi þurrabúðinni.“[42] Seint á 19. öld var grasnyt í Gíslakoti og ein kú.[43] Á uppdrætti Erlends Björnssonar sem sýnir byggðina á Álftanesi um 1870 er Gíslakot merkt inn alveg niðri við sjó eða Skógtjörn, um 350 m suðsuðvestur frá Brekku [197]. Auk þess eru þar þrjú önnur kot og öll í einum hnapp á norðurbakka Skógtjarnar. Gíslakot var vestast, Eysteinskot [323] 100 m austar, Hólakot [324] 50 m austur frá Eysteinskoti og 50 m norðan Gíslakots og Eysteinskots var Dómhildarkot [321].[44] Staðsetning þessara kota kann að hafa breyst og þótt Gíslakot og Dómhildarkot hafi augljóslega verið tvö kot eða bæir um 1870 þá hefur þeim slegið saman síðar. Á túnakorti frá 1917 er Gíslakot merkt inn um 160 m suðsuðvestan við Brekku [197] og 200 m suðaustan við Skógtjörn [400]. Bæjarhúsin eru þó ekki sýnd heldur er heitið haft innan sviga sem gæti þýtt að kotið hafi verið komið í eyði og tóftir einar eftir af því þegar kortið var gert. Staðsetningin er því ef til vill ekki nákvæm þarna. Dómhildarkot er ekki tilgreint á túnakortinu en á örnefnakorti af Álftanesi frá árinu 1977 er Gíslakot hins vegar líka nefnt Dómhildarkot innan sviga.

Bæjarstæði Gíslakots hefur verið sléttað í suðurtúnið austan við bæinn á Skógtjörn [195] og neðan Brekku [197]. Þar gengur þurr rimi gegnum túnið frá vestri til austurs og neðan hans er deiglendisfláki. Á þessum túnrima eru ójöfnur og þúfnahlaup ásamt einstaka steinum sem standa upp úr. Þetta er jafnframt á þeim slóðum sem býlið stóð samkvæmt túnakortinu. Þarna má búast við leifum býlis undir sverði, og hefur það þá staðið á rimanum.

## Dómhildarkot þurrabúð [320] heimild

Á uppdrætti sem sýnir staðhætti á Álftanesi um 1870 er Dómhildarkot norðar í túni Skógtjarnar en Gíslakot [319], Eysteinskot [323] og Hólakot [324].[45] Dómhildarkot er ekki merkt inn á túnakortið frá 1917. Í örnefnaskrá segir hins vegar: „Dómhildarkot: Þurrabúð austar en Gíslakot í Skógtjarnarlandi.“[46] Nöfnin á þessum kotum hafa því færst mikið til frá síðari hluta 19. aldar þangað til örnefni voru skráð á Álftanesi eftir miðja 20. öld Þar eð Gíslakot er auk þess nefnt Dómhildarkot innan sviga á örnefnakorti af Álftanesi frá 1977 er ljóst að þeim hefur líka verið slegið saman. Nákvæm staðsetning Dómhildarkots verður því ekki fundin út frá heimildum. En það eru ójöfnur og þúfnahlaup á þeim stað sem bærinn á að hafa staðið og virðist vera manngert.

[42] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.
[43] *Sjósókn*, 29, 34-36.
[44] *Sjósókn*, 35.
[45] *Sjósókn*, 35.
[46] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.

### Dómhildarkotsgerði [321] heimild

„Dómhildarkotsgerði: Svo var gerði umhverfis kotið kallað," samkvæmt örnefnaskrá.[47] Gerðið hefur verið á sama stað og Dómhildarkot [320]. Ekki sést til fornleifa.



**Mynd 10 Leifar af Hólakoti [324] leynast undir þessum þúfum.**

## Hólakot þurrabúð [324] heimild

Í endurminningum Erlends Björnssonar kemur fram að í Hólakoti var þurrabúð um 1870. Á korti þar er það staðsett á Skógtjarnarbakka vestan við Lásakot [657] og skammt austan Eysteinskots [323] sem er austan við Gíslakot [319].[48] Á túnakort 1917 er í stæði Hólakots teiknuð upp rúst af torfhúsi niðri við Skógtjörn ásamt kálgarði. Þarna eru Eysteinskot og Gíslakot norðar í túni en Hólakot sem er um 100 m sunnan við Eysteinskot [323] og 200 m suðaustan við Skógtjarnarbæinn [400].[49] Erlendi ber hins vegar saman við upplýsingar sem skráðar voru síðar við örnefnasöfnun: „Hólakot: Þurrabúð í Skógtjarnarlandi, austur frá Eysteinskoti."[50] Einnig kemur fram að Hólakot var „suðvestan við vestri grjótgarðinn [í svokölluðu Holti] alveg niður undir Skógtjörn." Hólakot „mun hafa farið í eyði um aldamótin

[47] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.
[48] *Sjósókn*, 35-36.
[49] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[50] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.

1900.[51] Heimildunum ber að minnsta kosti saman um að Hólakot hafi verið skammt frá sjávarbakkanum og fornleifar á staðnum benda til að upplýsingar um innbyrðis afstöðu kotanna sé réttari á túnakortinu.

Hólakot hefur verið rifið og rústirnar jafnaðar í túnið. Hins vegar er stór hóll á bökkum Skógtjarnar, syðst í túninu, sunnan við rimann þar sem Gíslakot [319], Eysteinskot [323] og að líkindum Dómhildarkot [320] hafa verið. Þessi hóll er um 80 x 60 m að stærð og 1 m á hæð. Hann er þurr og harður en mýrardrög eru í túninu bæði vestan hans og austan. Niður af hólnum er aflíðandi brekka til allra átta sem nær lengst til suðurs. Ójöfnur sjást í hólnum sjálfum og á nokkrum stöðum standa steinar sem líklega eru úr býlinu upp úr sverðinum. Þessi staðsetning kemur heim og saman við túnakortið.

### Hólakotstún [368] gerði

Fast upp við rústina af Hólakoti [324] sunnan og vestan megin er á túnakortinu kálgarður með hlöðnu gerði í kring. Kemur það saman við örnefnaskrá: „Hólakotstún: Túnskiki eða gerði við þessa þurrabúð.“[52] Á yfirborði sést núna um 80 x 60 m bæjarhóll þar sem kotið og gerðið hafa verið.

## Eysteinskot grasbýli [323] heimild

Samkvæmt uppdrætti af Álftanesi frá síðari hluta 19. aldar er Eysteinskot um 350 m sunnan Brekku og 100 m austan við Gíslakot. Þar kemur einnig fram að Eysteinskot hafi verið grasbýli með eitt kýrfóður.[53] Í örnefnaskrá segir: „Eysteinskot: Þurrabúð austur frá Gíslakoti nær Skógtjörn en Dómhildarkot. Eysteinskotstún: Tún eða gerði þessarar þurrabúðar.“[54] Á túnakorti frá 1917 er býlið Eysteinskot hins vegar merkt inn á kortið um 60 m norðvestan við Gíslakot [319]. Það að látið hefur verið nægja að setja heiti bæjarins í sviga á kortið án þess að teikna bæjarhúsin gæti bent til að kotið hafi verið komið í eyði og að þegar á þessum tíma hafi einungis tóftirnar verið eftir. Núna hefur Eysteinskot að minnsta kosti verið rifið og rústirnar jafnaðar í túnið þannig að ekki sést vottur af því lengur. Örlitlar ójöfnur eru þó á rimanum í suðurtúni, neðan Brekku, þar sem kotið er staðsett á túnakortinu og gætu leifar býlis leynst í þeim.

[51] Ö-Skógtjörn KE.
[52] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.
[53] *Sjósókn*, 34-36.
[54] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.



**Mynd 11 Sjóvarnagarður fyrir neðan túnin á Skógtjörn.**

## Leið [512] gata troðningar

Í örnefnalýsingu segir: „Eftir Melnum norðanverðum lá troðningur í stefnu frá Núpskoti [304] að Selskarði. Hann var nokkuð hlykkjóttur. Líklega hefur hann legið á veginn frá Selskarði að Skógtjörn (þ.e. sýsluveginn, sem G. S. kallar svo).“[55] Þessi vegur á Melunum liggur norðar en Sýsluvegurinn [314]. Deiglent er á Melunum kringum veginn. Austast er hann greinanlegur um 150 m norðvestan við gamla bæinn á Selskarði, og vestast sést hann við grjóthlaðna túngarðinn sunnan Brekku [313]. Vegurinn hlykkjast norðvestur.

## Túngarður girðingastæði [547] og [515] garðlag

Meðfram Sýsluveginum [513] að austan liggur grjóthlaðið garðlag sem sést ekki á túnakortinu 1917. Garðurinn er sennilega vörslugarður þannig að skepnur færu ekki niður á veg. En ofan við veginn hefur verið beitt.

[55] Ö-Brekka KE.

## Skógtjarnarhólsvarða [568] landamerki

Um landamerki Skógtjarnar segir í örnefnaskrá: „Skógtjarnarhólsvarða: Varða þessi stóð á hól hjá Skógtjörn.“ Nafnið var stundum stytt og einfaldlega talað um Hólsvörðu. Hún stóð á Skógtjarnarhól.[56] Ekki sést til vörðunnar.



**Mynd 12 Brunnur [635] sem merktur er á örnefnakortið leynist undir þessum haug.**

## Skógtjarnarbrunnur [635] heimild

Enginn brunnur er sýndur hjá Skógtjörn á túnakorti frá 1917 en hann sést hins vegar á örnefnakorti af Álftanesi frá 1977 og er þar staðsettur nálega miðja vegu milli Skógtjarnar [400] og Hólakots [324]. Samkvæmt örnefnalýsingum var hann spölkorn austur frá eystri Skógtjarnarbænum, sa. 100 m, í svolítilli lægð við sjávarlónið Skógtjörn. „Brunnurinn hefur verið vel upphlaðinn. Frá honum lágu götur heim á hverja hjáleigu, og að hverri þurrabúð.“[57] Fleiri brunnar voru á svæðinu en vatnið úr Skógtjarnarbrunni þótti sérstaklega gott.[58] Umhverfis þróna er nú slétt tún með aflíðandi halla í suður og er farið að hlaupa í þúfur. Mjög blautt er í kringum þróna. Þetta svæði með þrónni og jarðveginum utan um er um 6 x 5 m stórt og 1 m á hæð og má vera að brunnurinn hafi verið þarna.

[56] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.
[57] Ö-Álftaneshreppur GS, 167-168; sjá einnig Ö-Skógtjörn KE.
[58] Anna Ólafsdóttir Björnsson, *Álftaness saga*, 207.

## Skógtjarnartúngarður [638] garðlag túngarður

Grjóthlaðinn túngarður [313] er á túnakorti sýndur liggja milli Skógtjarnar og Brekku með stefnu í suðsuðaustur og gengur garðlag út frá honum í suðsuðvestur, nokkru austan við hjáleigurnar Gíslakot [319] og Eysteinskot [323]. Í örnefnaskrá segir: „Skógtjarnartúngarður: Túngarður þessi mun hafa legið um túnið á vestur, norður og austurkant, en nú stendur aðeins garðurinn á austurkantinn, en garðbrot víða annars staðar.“[59] Um 260 m austan við bæinn á Skógtjörn [400] og 100 m suðsuðaustan við Brekku [300] liggur enn garðlag frá grjóthlöðnum túngarðinum í suður niður að bökkum Skógtjarnar og sjóvarnargarði [674]. Þetta er greinilega garðlagið sem sést á túnakorti. Það er eingöngu hlaðið úr grjóti og mikið um sig, 1,5 m breitt, 0,5 m hátt og um 200 m langt. Um miðbikið eða sa. 90 m frá norðurendanum er 2 m breitt op. Gíslakot [319] og Eysteinskot [323] hafa verið vestan garðlagsins í stefnu frá opinu. Þar eru nú sléttuð tún en austan garðsins eru grónir lyngmóar. Þetta garðbrot er að líkindum það sem eftir er af Skógtjarnartúngarði. Syðst tengist hann garðlögum frá Lásakoti [657] og sjóvarnargarði [674].



**Mynd 13 Aðhald [639] grjóthlaðið**

[59] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.

## Aðhald – rétt [639] hleðslur

Vestan megin upp við Skógtjarnartúngarð er svolítið grjóthlaðið aðhald, um 3 x 3 m á stærð, með inngangi að vestan.

## Skógtjarnarbrunngata [645] heimild um leið

„Skógtjarnarbrunngata: Hún lá frá Brunninum [635] heim til bæjar. [...] Brunngötusteinn: Stór grágrýtissteinn stóð í túninu við brunngötuna.“[60] Svo segir í örnefnaskrá en ekki sést lengur til Skógtjarnarbrunngötu. Hún er horfin í sléttað túnið umhverfis brunninn [635] og óræktaður rimi er að íbúðarhúsabyggðinni vestar. Hins vegar liggur gatan frá brunninum áfram austur að Lásakoti [657] og nefndist þá Lásakotsbrunngata [691] en hún hefur varðveist á kafla. Brunngöturnar hafa sennilega legið á lengri leið sem sést á herforingjaráðskorti frá 1902 en hún lá allt vestur að Melshúsum við Helguvík.[61]

## Vörslugarður – túngarður [640] garðlag

Þvert á Skógtjarnartúngarð [638], um 80 m frá norðurenda hans, liggur 150 m langur garður til austurs. Hann nær þó ekki austur að Lásakotstúngarði [643]. Garðurinn tengist Skógtjarnartúngarði [638] þar sem op er á honum og ef til vill hefur legið vegur meðfram honum. Á holtinu er þurrt og þokkalegt. Garðurinn er grjóthlaðinn og að líkindum hefur þetta verið einhvers konar vörslugarður fyrir skepnur. Hann er mun signari en bæði Skógtjarnartúngarður og Lásakotstúngarður og er rofinn á tveimur stöðum. Þessi garður er ekki á túnakortinu frá 1917.

## Sjóvarnagarður og túngarður [641] garðlag

Úr kálgarðinum eða gerðinu í túninu milli Skógtjarnarbæjanna liggur á túnakortinu hlaðinn garður í vestur og beygir síðan hornrétt í suður niður í fjöru þar sem hann sveigir svolítið áfram í suðaustur meðfram fjörunni. Þar virðist á kafla einungis vera girðing úr tré og járni.[62] Túnjaðarinn er nokkuð fyrir ofan girðingu.[63] Leifar af 44 m löngum grjóthlöðnum garði og 1,5 m breiður þar sem hann er breiðastur er enn að finna í fjörunni.

## Skógtjarnarvör [642] heimild um lendingu

Samkvæmt Jarðabókinni árið 1703 á Skógtjörn skipsuppsátur við Mölshús.[64] Það hefur verið Skógtjarnarvör: „Hún var við Helguvík, undir grandanum að Hliðsós“ segir í örnefnaskrá. Enn sér merki um vörina, að hún verið rudd og vel við haldið þótt hún sé ekki lengur í

[60] Ö-Álftaneshreppur GS, 167-168.
[61] *Herforingjaráðskort Dana*.
[62] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[63] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[64] *Jarðabók*, 202.

notkun.[65] Við Helguvík má sjá leifar af fjórum ruddum vörum í dag á loftmynd og tvær þeirra eru Gömlu Hliðsvarirnar vestan við Skógtjarnarvör og austan við hana er Melshúsavörin.



**Mynd 14 Skógtjarnatúngarður [638]**

## Sjóvarnargarður [674] garðlag

Meðfram bökkum Skógtjarnar neðan bæjarins á Skógtjörn [400] og Hólakots [324] er grjótgarður sem nær allt austur að Skógtjarnartúngarði [638]. Hann er greinilegur á tæplega 200 m kafla og nær mest 0,8 m hæð. Breiðastur er hann vestast þar sem hann er runninn í sundur og nær allt að 2 m breidd. Þessi hluti hans hefur þó ekki verið hlaðinn vandlega upp þannig að fremur er um að ræða grjótruðning en verklega hleðslu. Þetta gæti verið frá yngra stigi en garðurinn er vandaðri að gerð í suðeystri endanum. Þar má greina hleðslur með þremur til fjórum umförum af grjóti og breiddin er einungis um 0,5 m. Norðan við garðinn eru sléttuð Suðurtúnin en sunnan hans bakkar Skógtjarnar, um 20 metra breiðir, flatir og blautir. Þótt garðurinn liggi meðfram sjávarlóninu hefur hann að líkindum gegnt hlutverki túngarðs fremur en sjóvarnargarðs.[66]

[65] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[66] Hér er eldri fornleifaskráning að nokkru leyti höfð til hliðsjónar: Guðrún Alda Gísladóttir. *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 27.



**Mynd 15 Sjóvarnargarður fyrir neðan túnið á Skógtjörn.**



**Mynd 16 Lásakotstúngarður [643]**

## Lásakotstúngarður [643] garður

„Lásakotstúngarður: Túngarður austan til við þurrabúðina. Lásakotstúngarðshlið: Hlið var á þessum túngarði og sér enn“ segir í örnefnaskrá.[67] Um 110 m austur frá Lásakoti [657] er mikill grjóthlaðinn garður, um 2 m breiður og 160 m langur. Op er á honum um 30 m frá syðri endanum og hefur hliðið væntanlega verið þar. Þetta er þá Lásakotstúngarður sem liggur úr suðvestri í norðaustur, frá fjöru eða Skógtjarnarbakka og nánast upp að landamerkjagarði [313] milli Skógtjarnar og Brekku. Lyngmóar eru beggja vegna Lásakotstúngarðs en svokallaður Sýsluvegur [314] skilur milli hans og landamerkjagarðsins.

[67] Ö-Álftaneshreppur GS, 169.



**Mynd 17 Rudd svæði [646] hugsanlega verið lending þarna.**

## Varir [646] rudd svæði lending

Við Skógtjörn eru, að því er virðist, tvær ruddar varir. Þær eru fast suðvestan við sjóvarnargarðsins [674]. Sléttir marbakkar eru norðan við þessar meintu lendingar og upp að grjótgarði en þar norðar eru sléttuð tún í aflíðandi halla mót suðri. Ekki er talað um lendingu á þessum slóðum í örnefnaskrá. Brekkuvör [601], Melhúsavör [873] og Skógtjarnarvör [642] voru við „Helguvík, undir Grandanum að Hliðós.“[68] Ef til vill er þetta lending smákotanna sem voru í suðurtúninu en áður fyrr var lagt upp frá Skógtjörn á bátum, samkvæmt heimildamanni, Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Á þessum stað er eini staðurinn í fjörunni við Skógtjörn sem virðist vænlegur sem lending. Varirnar virðast tvær og skiptast í miðju af mjóum klettarana. Sandur er í fjörunni.



**Mynd 18 Bæjarhúsin á Lásarkoti**

[68] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.

# Lásakot þurrabúð [657] tóftir

Lásakot er sýnt austan við Hólakot á korti Erlends Björnssonar.[69] Það er ekki merkt inn á túnakortið 1917 en Erlendi ber saman við örnefnakort af Álftanesi frá 1977 þar sem Lásakort er sýnt skammt norðan Skógtjarnar, suðaustan við Hólakot [324] og Gíslakot [319]. Í endurminningum Erlends segir jafnframt að Lásaskot hafi á síðari hluta 19. aldar verið þurrabúð og að þar hafi oftast verið tvíbýli.[70] Í örnefnaskrá er Lásakot nefnt „þurrabúð austast í Skógtjarnarlandi.“[71] eða fram til 1940.



**Mynd 19 Einstaklega vel varðveittar minjar um búskaparhætti á seinni hluta 19. aldar.**

Lásakot var í svokölluðu Holti eða Holtinu við Skógtjörn, „nokkurn veginn beint niður undan Brekku. Túnbleðill með garði í kringum er þar sem Lásakot var og eru bæjarhúsatætturnar í suðausturhorni hans.“ Að sögn heimildamanna við örnefnaskráningu hét Lásakot áður Skógtjarnarkot en nafnið á að hafa breyst þegar Nikulás nokkur fór að búa þar og hefur þá verið farið að nefna kotið eftir honum. Meðan tvíbýli var í Lásakoti voru bæirnir lengst af sambyggðir. Einnig greinir þó frá Eyjólfi Ísakssyni sem byggði sér bæ efst og vestast í Lásakotstúni en bjó þar mjög stutt þannig að bærinn fékk aldrei neitt fast nafn. Síðasti ábúandi í Lásakoti var Guðmundur sem sérhæfði sig í marhálmstekju í Skógtjörn og Lambhústjörn. Hann var sonur Þórodds í Þóroddarkoti. Guðmundi í Lásakoti er lýst svo: „Hann var fótaveikur og voru fætur hans mjög snúnir. Hann var alinn upp við harðrétti og vosbúð og hefur fótaveiki hans líklega stafað af því. Vegna göngulagsins var hann kallaður Guðmundur

69 *Sjósókn*, 35.
70 *Sjósókn*, 34-36.
71 Ö-Álftaneshreppur GS, 168.

á kartöflunum. [...] Lásakot fór í eyði um 1940 en Guðmundur lifði fram um 1950 og dó í Sviðholti.“[72] Í Lásakoti var búið einna lengst af öllum Skógtjarnarþurrabúðum.[73]




**Mynd 20 Fornleifar í kringum Lásakot.**

Tóftir Lásakots hafa varðveist og eru enn þá vel sýnilegar fremst á hörðum grasi grónum en smáþýfðum norðurbökkum Skógtjarnar. Rústasvæðið allt er um 45 x 40 m að stærð og eru sjálfar bæjartóftirnar í suðausturhorni þess. Þær eru frá fjórum sambyggðum húsum, samtals 17 x 13 m að stærð með stefnuna austur – vestur. Tóftirnar eru úr torfi og grjóti og sést grjót í veggjum bæði að innan og utan. Austasta húsið í tóftaröðinni er 2,5 x 1,5 m að innanmáli með op á norðurgafli. Vestar er svipað hólf, 2 x 2 m að innanmáli með op vestast á norðurvegg. Vestasta húsið er stærst, 6 x 2 m, og snýr í norður – suður. Það skiptist í þrjú minni hólf og í því nyrsta er afstúkað smáhólf, 2 x 1 m að stærð, og þaðan op til austurs. Úr stærsta hólfinu er svo innangengt í fjórða húsið í tóftaröðinni sem er smáhólf til austurs, 2 x 2 m að innanmáli. Hleðslurnar ná mest um 1 m hæð.

## Óþekkt [694] tóft

Um 10 m norðvestan við vestasta húsið í bæjarröðinni er annað tóftarbrot í túninu, um 4 x 3 m að stærð, ásamt dæld og stöllum þar upp af. Stallur er einnig í túninu upp af tóftunum frá

[72] Ö-Skógtjörn KE.
[73] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.

eystri húsum bæjarins, miðhúsinu og austusta húsinu við hliðina á því. Líklega eru þessir stallar frá kálgörðum.



**Mynd 21 Tóft [655] innan garðs á Lásakoti.**

## Óþekkt [655] tóft

Um 25 m norðvestur frá tóftaröðinni á bakkanum er loks stór einföld tóft [655], um 7 x 5 m. Hún er að mestu hlaðin úr torfi en einnig úr grjóti. Stefnan er norður – suður og nyrst á vesturlanghliðinni er op. Þetta er í horni bæjartúnsins. Þessi tóft er á þeim slóðum sem Eyólfur Ísaksson á að hafa byggt sér bæ, þ.e. efst og vestast í túninu.



**Mynd 22 Tóft [665] en nú horft norður**

Rústasvæðið allt er markað af töluverðum garðlögum en umhverfis tóftirnar eru miklir grjótgarðar að vestan, norðan og austan. Garðarnir eru eingöngu hlaðnir úr grjóti og skiptast í ýmsa smágarða. Í sumum má sjá öldukennt yfirborð og eru það líklega leifar matjurtagarða. Sunnan megin við bæjarstæðið er Skógtjörn en aðeins 2-5 m eru milli bæjartóftanna og tjarnarbakkans þar sem einnig má víða sjá hleðslur. Op er á grjótgarðinum 2 m austan við tóftina frá austasta húsinu í bæjarröðinni og annað op er austan við litlu stöku tóftina norðvestast í túninu. Ætla má að Lásakotsbrunngata [691] hafi legið norður fyrir bæinn og til vesturs.

Rústirnar í Lásakoti eru stæðilegar og hafa mikið varðveislugildi sem dæmi um hin fjölmörgu smákot sem voru áður fyrr á Álftanesi.



**Mynd 23 Lásabrunngata er vel varðveitt í í gegnum bæjarstæði en hverfur þegar hún kemur út í túnið.**

## Lásakotsbrunngata [691] gata

Í örnefnaskrá segir: „Lásakotsbrunngata: Gata þessi lá frá Skógtjarnarbrunni heim í bæ.“[74] Á herforingjaráðskorti frá 1902 er sýnd leið frá Lásakotsbæ [657] til vesturs að Skógtjörn [195], Árnakoti [676] og Melshúsum [194].[75] Varla hafa margar götur legið þarna og er því líklegt

[74] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.
[75] *Herforingjaráðskort Dana*.

að Lásakotsbrunngata hafi verið hluti þessarar leiðar en frá brunninum hefur Skógtjarnarbrunngata [645] tekið við vestur að bænum á Skógtjörn. Lyngmóar eru nú í kringum Lásakot og sléttuð tún vestar en umferð um götuna hefur grafið hana niður og sést enn þá hvar hún liggur frá kotinu milli garðlaga og vestur að Skógtjarnartúngarði [638]. Hún er allt að 0,3 m djúp en einungis 0,4 m að breidd. Gatan er þó einungis sýnileg þá sa. 80 m vegalend sem er milli Lásakots og túngarðsins því vestan hans hverfur hún alveg í sléttuð túnin. Leiðin að brunninum [635] hefur verið að minnsta kosti 200 m þannig að einungis tæplega helmingur hennar hefur varðveist.

### Óþekkt [669] tóft

Austan við Skógtjarnartúngarð og norðvestan við Lásakot er mjög ógreinileg tóft, um 18 x 12 m á stærð. Hún er tvískipt og er inngangur í hana við suðurhliðina vestan megin. Hún sést ekki á túnakorti og hlutverk hennar er óþekkt.

### Gerði kálgarður [519] og óþekkt [548] garðlag og þúst

Um 35 m norðaustur af Lásakoti er svolítill hóll eða þúst [548], um 13 x 11 m á stærð. Ekki er hægt að greina lögun á þústinni en hún virðist vera manngerð og gæti þetta verið tóft. Hún er 8 m vestan við stórt aflangt gerði [519]. Það er um 67 m á lengd og 15 m á breidd og hefur stefnuna suðvestur – norðaustur. Veggirnir eru mjög sokknir og lágir og op er á norðvesturhorninu. Mögulega hefur þetta verið matjurtagarður. Hvorugt þessara mannvirkja sést á túnakorti.



**Mynd 24 Brunnur [687]**

## Brunnur [687] brunnstæði

Um 5 m norðan við stóra gerðið [519] er brunnur. Hann er um 2,2 m að þvermáli og hefur verið fyllt upp í hann með grjóti og torfi. Brunnurinn hefur sennilega verið nýttur frá næstu bæjum í kring, til dæmis frá Lásakoti [657].

## Gerði óþekkt [654] tóft

Um 30 m vestur frá Lásakotstúngarði [643] er gerði á holti í grónum lyngmóa. Vestan móans eru sléttuð tún sem nú hafa hlaupið í þúfur. Gerðið er 31 x 17 m stórt og snýr í norðvestur – suðaustur. Veggirnir eru signir, 0,3 m háir og allt að 2 m breiðir, hlaðnir úr torfi og grjóti. Inni í gerðinu eru miklar ójöfnur og ber hæst þúfnasvæði syðst í því. Niður af þúfnasvæðinu er smástallur til norðvesturs. Gerðinu hallar örlítið mót suðri. Þarna gæti hafa verið kálgarður.



**Mynd 25 Gerði - tóft [654]**

## Mýrargarður [679] heimild garðlag

Í örnefnalýsingu segir: „Mýrargarður: Garðbrot framundan Skógtjörn í mýrarbletti þar. Mýrarsteinn: Allstór steinn í mýrinni fram undan Skógtjörn. Skógtjarnarmýri: Mýrarfláki austan túns neðan Sýsluvegarins [314] niður að Skógtjörn allt að Selskarðsmýri. Austurmýri: Svo var Skógtjarnarmýrin einnig kölluð.“[76] Ekki er ljóst hvort þessi garður var austan við Lásakotstúngarð [643] eða sé alveg horfinn.

## Hreppahlið – landamerki [680] heimild

Í örnefnaskrá segir að austurmörk Skógtjarnar liggi „á móti Selskarði suður frá Skógtjörn – norður í svonefnt Hreppahlið. En þetta voru jafnframt hreppamörk á milli Garðahrepps og Bessastaðahrepps sem nú er eitt sveitarfélag, Garðabær. Norðurmörk eru frá hreppamörkum vestur með landi Kirkjubrúar og Brekku eftir grjótgarði.“[77]

## Marhálmstekja [703] heimild um nytjar

Mikill marhálmur óx í sjávarlónunum Skógtjörn og Lambhústjörn og þarna var á tímabili eitt gjöfulasta marhálmstekjusvæði landsins. Síðasti ábúandinn í Lásakoti, Guðmundur

[76] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.
[77] Ö-Skógtjörn KE.

Þóroddsson, sonur Þórodds í Þóroddarkoti, hafði lífsviðurværi af því að þurrka og flytja marhálm til Reykjavíkur og selja hann þar. Marhálmur var meðal annars notaður í dýnur eða rúmbotna og reiðtygi, bæði söðla og hnakka. Skömmu fyrir aldamótin 1900 varð auk þess algengt að setja hann til einangrunar í veggi timburhúsa.[78]

## Stíflishólar landamerki [1364] hleðslur

Um landamerki Skógtjarnar segir í örnefnaskrá: „Stíflishólar: Þeir voru landamerki milli Skógtjarnar og Garðakirkjulands og heyra því Skógtjörn til að hálfu leyti.“[79] Stíflishólar voru „lágir hólar niður undir Skógtjörn, þar sem göngubrúin lá yfir milli Skógtjarnar og Aukatjarnar.“[80] Hólarnir mynda klettahrygg sem gengur út í austurenda Skógtjarnar frá norðurbakkanum og nefndist göngubrúin Stíflisgarður eða Stíflurnar en hennar sér enn þá stað.[81]



**Mynd 26 Stíflisgarður. Horft yfir til Garðalands frá Skógtjarnarlandi.**

[78] *Sjósókn*, 34-36; Ö-Skógtjörn KE.
[79] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.
[80] Ö-Álftaneshreppur GS, 167.
[81] Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, *Garðahverfi*, 74.

### Óssteinbogi [670] heimild um brú

Í örnefnaskrá segir: „Steinbogi: Ósinn var svo kallaður, líklega af því að þar hefur verið hlaðinn garður eða vegur gerður til göngu yfir.“ Þessi leið yfir Skógtjarnarós nefndist einnig Óssteinbogi.[82] Enginn steinbogi er nú sýnilegur við ósinn en þar verður mjög grunnt á fjöru.

### Skógtjarnarbúð [675] heimild um verbúð

Í örnefnaskrá segir: „Skógtjarnarbúð: Hún stóð á malarkampinum eða Grandanum upp af vörinni.“[83] Búðin stóð sem sé á Hliðsgranda eða Búðarflöt. Ekki sjást nein merki um búðir þar í dag.




## Svalbarði [196]

Jörðin er nefnd Svalbarð í elstu heimildinni um hana, bréfi frá árinu 1496 þar sem segir að Barti hafi afhent Lofti Snorrasyni „þriu hundrut j uarni(n)gi oc smiori oc þar til mioltunu uegna magnusar þorkelssonar er hann uard honum skylldugur upp j fiordungin jordena sualbard sem loftur hafde sellt magnusi.“[84] Síðar er hún kölluð Svalbarði og skilgreind sem hálflenda árið 1703 „því hún hefur ekki fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir.“ Jarðardýrleiki er óviss og tvíbýli er á jörðinni.[85] Samkvæmt *Jarðatali* Johnsens hefur hún þó

[82] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[83] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[84] *Íslenzkt fornbréfasafn*, VII, 295.
[85] *Jarðabók*, 204.

ekki talist neitt smábýli árið 1847 því þá er hún metin á 16 2/3 hdr. Hún er í bændaeign og búa þrír leiguliðar á henni.[86] Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* er Svalbarði talinn upp með tveimur tómthúsum án þess að nánari staðsetningar sé getið.[87] Þegar túnakort er gert árið 1917 er túnið 1,5 teigar, að mestu sléttað en þó farið að þýfast örlítið aftur. Matjurtagarðar ná yfir 1500 m2 svæði. Erlendur Björnsson segir Þorsteinn Eiríksson hafa búið á Svalbarða á síðari hluta 19. aldar. „Gerði hann út skip. Þar var og grasnyt, hafði hann tvær kýr."[88] Í örnefnaskrá er jörðin Svalbarði kölluð hjáleiga frá Skógtjörn.[89]

Vesturmörk Svalbarða á móti Halakoti lágu frá smiðju í Sólbarði sem var fast sunnan við Sýsluveginn, beint norður af Eystri-Skógtjörn, og þaðan austur í Grástein [534]. „Sólbarð er nær því í beina stefnu norðan við Árnakot – Eystri-Skógtjörn, fast sunnan við sýsluveginn. Vesturmörk grasbýlisins Svalbarða voru „á móti Halakoti frá [...] smiðju [í Sólbarði] og austur í Grástein [534] (Sjá Sviðholt). Úr Grásteini eru merkin norður í sýsluveg þar sem býlið Krókur var. – Norðurmörk voru á móti Sviðholti og Haugshúsum. – Sýsluvegur sker jörðina í miðju frá Sólbarði norður í Sviðholtsland."[90]

### Svalbarði [475] bæjarhóll bústaður

Bærinn Svalbarð er merktur inn á túnakort frá 1917 um 120 m norðan við bæinn á Skógtjörn og 240 m vestan við Brekku. Hann skiptist í þrjú torfhús en auk þeirra er lítil viðbygging úr steini eða timbri vestan megin, kannski anddyri.[91] Samkvæmt örnefnaskrá stóð bærinn á hrygg sem lá vestur í framhaldi af Brekkugranda.[92] Bæjarstæðið hefur nú verið sléttað og er hluti þess komin undir veg. Það eru líkur á því að einhverjar leifar gætu leynst undir sverðinum og veginum enda búseta löng á þessari jörð.

### Útihús [476] heimild

Á túnakorti sést ferhyrningslaga steinhús eða timburhús um 5 m vestan við Svalbarðsbæinn [475]. Austan megin er svolítið útskot á húsinu.[93] Ekki sést til fornleifa en minjar gætu leynst undir sverðinum.

### Útihús [477] heimild

Um 20 m austan við bæjarhúsin [475] á Svalbarði er á túnakortinu aflangt útihús úr torfi með stefnuna er norður – suður.[94] Ekki sést til fornleifa en minjar gætu leynst undir sverðinum.

[86] *Jarðatal á Íslandi*, 93.
[87] *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 207.
[88] *Sjósókn*, 36.
[89] Ö-Álftaneshreppur GS, 169.
[90] Ö-Skógtjörn KE.
[91] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.; Ö-Skógtjörn KE.
[92] Ö-Álftaneshreppur GS, 169.
[93] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.; Ö-Skógtjörn KE.
[94] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.; Ö-Skógtjörn KE.

### Kálgarður [478] heimild

Á túnakortinu er kálgarður umgirtur hlöðnu gerði milli bæjar [475] og útihúss [477] austan megin.[95]Ekki sést til fornleifa.

### Kálgarður [479] heimild

Á túnakortinu er stór kálgarður umgirtur hlöðnu gerði vestan og norðan bæjarins [475] og liggur upp að heimreiðinni [961] sem er austan megin.[96]

### Svalbarðstúngarður [486] heimild

Á túnakorti er girt í kringum Svalbarðstúnið á allar hliðar og liggur girðingin norðan megin áfram ofan við tún Halakots.. Í örnefnaskrá segir: „Svalbarðstúngarður: Túngarðsnefna var kringum hjáleiguna. Horfinn.“[97] Leifarnar af hruninni norðurhlið þessarar túngarðsnefnu má enn sjá við suðurbrún vegar sem liggur að golfskála og nefnist hún þar Halakotstúngarður [557].

### Lending [487] heimild

Samkvæmt *Jarðabókinni* stunda ábúendur Svalbarða heimræði „árið um kring“, lending er viðsæmandi“ og „ganga skip ábúenda eftir hentugleikum.“[98] Áður var Svalbarðabóndinn formaður á fjögurra manna fari og kóngsskipi allt árið nema um sláttinn. Hann tók þá formannskaup en þurfti sjálfur að hýsa áhöfnina því engin verbúð fylgdi. Ekki voru nein inntökuskip eða aðkomubátar.[99] Býlin á þessu svæði voru mörg með varir við Helguvík.

### Sólbarð [488] heimild

Í örnefnaskrá segir„Sólbarð: Stendur sunnan Hliðsvegar. Hefur tún Svalbarðs. Sólbarðstún: Tún þetta liggur sunnan Svalbarðshússins.“[100]

[95] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.; Ö-Skógtjörn KE.
[96] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.; Ö-Skógtjörn KE.
[97] Ö-Álftaneshreppur GS, 169.
[98] *Jarðabók*, 205.
[99] *Jarðabók*, 205.
[100] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.

# Sviðholt [199]

Jörðin Sviðholt var í eigu Skálholtskirkju til ársins 1556 en komst eftir það undir konung.[101] Hún er enn í konungseign árið 1703 og skiptist ábúðin þá milli fjögurra bæja. Jarðardýrleiki er óviss.[102] Árið 1847 er Sviðholt hins vegar komið í eigu tveggja bænda sem búa þar sjálfir og jörðin er metin á 33 1/3 hundruð.[103] Tvíbýli hélst fram eftir 19. öld en þegar kom fram á 20. öld urðu bæirnir þrír [960]. Auk þess heyrðu allnokkrar hjáeigur og þurrabúðir undir Sviðholt: Litlibær byggðist fyrst um 1660 og Hjallakot [343], Hákot, Háholt, Hella, Gesthús og Sveinshús voru komin til í byrjun 19. aldar. Síðar bættust Krókur [338], Þórukot [340], Friðrikskot [580], Bjarnastaðir, Grashús, Kekkjakot og Þóroddarkot við.[104] Einnig byggðust Haukshús eða Haugshús [198] upphaflega úr landi Sviðholts.

## Sviðholt [960] bæjarhóll

Sagt er frá húsunum í Sviðholti í örnefnalýsingu: „Gamla húsið er úr timbri og er kjallari hlaðinn úr höggnum steinum undir því. Elzti hluti þess var byggður um 1911. Nýtt hús stendur rétt norðvestan við gamla húsið. Fjós og hlaða, sambyggð, eru u.þ.b. 20-30 metrum austan við nýja húsið.“ Áður var „þríbýli í Sviðholti. Nefndust bæirnir: Vesturbær, Miðbær og Austurbær. Vesturbær og Miðbær voru sambyggðir og voru bæjardyr sameiginlegar. Austurbærinn var um 10 metrum austan við Miðbæinn á hól, sem nefndur var Sviðholtshóll. Mun hann að mestu hafa verið forn öskuhaugur og er líklegt að aðalbærinn í Sviðholti hafi staðið þar um aldir. Þegar grafið var fyrir vatnsveitunni var komið þar ofan á þykkt öskulag. Þegar Kristján [Eyjólfsson, fæddur í Sviðholti 1892] var að alast upp var Miðbærinn einnig kallaður Gíslabær eftir bóndanum Gísla Þorkelssyni. Nýja húsið í Sviðholti stendur fast norðan við þar sem Miðbærinn var. Á þeim stað voru áður hesthús, móhús og fjós frá Gíslabæ.“[105]

Húsin í Sviðholti standa á stórum náttúrulegum hól. Norðan megin eru nú tvö íbúðarhús og var grafið fyrir undirstöðum þess yngra en þó ekki gerður kjallari. Hins vegar eru útihúsin austan í hólnum djúpt niðurgrafin. Núna liggur heimreið upp eftir hólnum að suðvestan og við rætur hólsins sunnan hennar er kálgarður. Bæjarhóllinn sjálfur er að minnsta kosti 30 x 30 m að stærð og 1 m á hæð ef ekki meira en erfitt er að greina hvar byggingarleifar taka við af hinni náttúrulegu hæð. Á háhólnum sunnan við íbúðarhúsin er nú slétt flöt með hvompum og flag með miklu hleðslugrjóti um 5-10 sm undir grasrótinni. Ekki er um samhangandi hleðslur að ræða en þarna á flötinni stóðu síðast bæjarhús úr torfi og grjóti.

Ekkert túnakort er til af Sviðholti en auk bæjahúsa voru kálgarðar í túninu og túngarður að austanverðu. Ekki sést lengur til þeirra. Undir grassverði er um 1 m þykkt moldarlag niður á

[101] *Íslenzk fornbréf*, XIII, 139.
[102] *Jarðabók*, 207.
[103] *Jarðatal á Íslandi*, 93.
[104] *Sjósókn*, 32-33.
[105] Ö-Sviðholt KE.

möl en austast næst Breiðumýri er klöpp skammt undir sverði. Moldarlagið er dýpra við bæjarhólinn. Túnið var upphaflega sléttað með herfi og þúfnabana en beðasléttur eru einnig syðst í því. Mikið grjót var tekið úr túninu fyrir og um miðja 20. öld en síðan hefur það ekki verið unnið.

### Sviðholtstraðir – Svalbarðatraðir [961] gata

Á túnakorti liggur gata frá Sviðholti suðvestur að Svalbarða [475] og áfram gegnum bæjarhlaðið niður að Skógtjörn [400].[106] Þvert á þessa götu rétt sunnan bæjarhúsa á Svalbarða liggur vegurinn[652] eftir Granda en sú leið lá að Helguvík og út á Hliðstanga.[107] Samkvæmt örnefnalýsingu lágu Sviðholtstraðir að Svalbarða og „voru einnig nefndar Svalbarðatraðir."[108]

Traðirnar milli bæjanna lágu í suðurátt yfir tún Sviðholts sem liggur nú í halla niður að Suðurnesvegi. Við austurhlið Sameignargarðs [965] fast við hlað Sviðholts sjást enn þá leifar af þessum tröðum á 5 m kafla og eru þær byggðar þannig að þær mynda skábraut upp á hlaðið. Traðirnar eru um 0,5 m háar og 3 m breiðar. Engin önnur ummerki sjást lengur um þessa leið og er sá hluti hennar sem var milli Svalbarða og Skógtjarnar alveg horfinn undir byggð.

### Sameignargarður [965] kálgarður

Í örnefnalýsingu segir: „U.þ.b. 300 m2 garður var framan við Vesturbæinn í Sviðholti. Hann tilheyrði öllum bæjunum í Sviðholti og var hann nefndur Sameignargarður."[109] Sameignargarður sést enn þá í brekku mót suðri, um 10 m suðvestur frá gamla Sviðholtsbænum [960]. Hann er um 40 x 30 m stór og hleðslur í kringum hann úr torfi og grjóti, um 0,4 háar og farnar að renna í sundur. Ábúendur í Sviðholti nýta enn þennan garð að hluta.

### Leið [969] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Sjávargata lá niður frá Þórukoti, sunnan Hjallalandsvallar. Sviðholtsmenn gengu þessa götu einnig hér áður en síðar gengu þeir til sjávar niður Hjallalandsflöt, a.m.k. frá Austurbænum."[110] Gatan hefur legið úr austri frá Sviðholti og vestur til sjávar. Öll ummerki um hana hafa þó verið sléttuð í tún Þórukots.

### Leið [964] gata

Í örnefnalýsingu segir: „Stígur lá frá Árnakoti (Vestri-Skógtjörn) [676] að Bjarnastöðum. Hann lá fast fyrir neðan Þórukot [340] og á milli Fjósaflatar [361] og Hjallalandsvallar [575-576]."[111] Slétt tún er vestan Þórukots og aflíðandi brekka í átt til sjávar. Hjallalandsvöllur er

[106] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.; Ö-Skógtjörn KE.
[107] Anna Ólafsdóttir Björnsson, *Álftaness saga*, 167.
[108] Ö-Sviðholt KE.
[109] Ö-Sviðholt KE.
[110] Ö-Sviðholt KE.
[111] Ö-Sviðholt KE.

vestast. Norðan við Þórukotstún er íbúðarhúsahverfi. Stígurinn hefur legið til norðurs framhjá Þórukoti og þaðan í norðaustur til Bjarnastaða. Ekkert sést þó af honum lengur og hafa ummerki um hann væntanlega verið sléttuð túnið við Þórukot en lent í byggingaframkvæmdum nær Bjarnastöðum.

### Túnahreinsun [447] steinhrúga

Á golfvellinum fyrir norðan Suðurnesveg og suðvestan Sviðholts er stór grjóthrúga sem er sennilega grjót frá því túnin voru ræktuð fram.




### Sviðholtsbrú [449] gata og brú

Í örnefnalýsingu segir: „Gamli vegurinn lá áður af Grandanum og eftir Breiðumýri í stefnu rétt fyrir norðan Sviðholt. Var hann þar nefndur Sviðholtsbrú eða Mýrarbrú.“[112] Sviðholtsbrú er gamli vegurinn sem liggur af Granda til vesturs yfir Breiðumýri og norður fyrir ofan Sviðholt. Brúin er nú malarborinn vegur og skurðir meðfram honum í mýrinni og sér ekki til gamla vegsins. Hún minnir þó á gömlu leiðina og hefur minjagildi sem slík.

### Breiðamýri [968] heimild um ristu

Breiðamýri eða hlutar hennar voru einnig kallaðir Sviðholtsmýri, Eyvindarstaðamýri, Brekkumýri og Hvítamýri. Mýrin skiptist milli jarðanna og tilheyrði Sviðholti og hjáleigum þess að helmingi.[113] Samkvæmt *Jarðabók* höfðu Svalbarði [196], Mölshús eða Melshús [194], Haukshús eða Haugshús [198] árið 1703 torfristu og stungu í Sviðholtsmýri sem var í Sviðholtslandi. Torfskurður eða mótak til eldiviðar var á sama stað. Hins vegar kemur fram að

[112] Ö-Sviðholt KE.
[113] Ö-Álftaneshreppur GS, 158; Ö-Bessastaðahreppur AG.

þetta fór til þurrðar hjá Sviðholti [199] vegna þess að nábúar og búsmenn brúkuðu stórlega. Skógtjörn er hins vegar sögð hafa eldiviðartak í Eyvindarstaðamýri.[114] Brekka [197] og hjáleigur hennar höfðu nytjar af þeim hluta mýrinnar sem kennd var við hana. Í örnefnalýsingu segir: „Suðvesturhornið af Breiðumýri var afmarkað með grjótgarði og nefnt Sviðholtsmýri. Mótekja var um alla Breiðumýri. Var ruðningur þar víðast tvær skóflustungur, en fjórar stungur mór – og sums staðar meira. Torfholt er í Breiðumýri, u.þ.b. 150 metrum beint norður af Sviðholti. Upp á það var mórinn borinn og þurrkaður. Reyndar var hann einnig þurrkaður í kringum grafirnar, þar sem hægt var fyrir bleytu. Um Torfholt eru vatnaskil í Breiðumýri.“[115] Sá hluti mýrinnar sem tilheyrði Brekku og hjáleigum hennar lá rétt norðan við Grandann og nefndist Brekkumýri. Einnig var talað um Brekkuspildu sem var „20 faðma breið meðfram öllu túninu frá Grásteini að Króki.“ Þá svokölluð Brekkuþríhyrna einnig í mýrinni, „austur frá Eyvindarstöðum. Sameign með Árnakoti.“ Þrætustykki norðan við Grástein var loks svo það svæði í mýrinni sem karlarnir þrættu um og „þóttust allir eiga.“[116] Nú hefur mýrin verið ræst fram og þurrkuð og Suðurnesvegur liggur meðfram jaðrinum sunnan og vestan megin.

## Krókur þurrabúð [338] garðlag

Kotið Krókur er ekki sýnt á túnakorti 1917 en Erlendur Björnsson nefnir það þurrabúð í endurminningum sínum 1945 og segir að þar hafi búið „Jón Vigfússon, góður og gegn maður.“ Krókur er merktur inn á kort hans norðvestan við Brekku, beint norður af Brekkukoti og norðaustan við Svalbarð. Hann er suðaustan við Sviðholt og í beinni línu vestur frá Kirkjubrú [325] en austur frá Haugshúsum [198], miðja vegu milli þeirra.[117] Þetta kemur heim við örnefnalýsingar enda er þar meðal annars farið eftir upplýsingum frá Erlendi: „Svo er lína hér norðar þvert yfir nesið, sem hér heitir Suðurnes. Er Kirkjubrú austast, svo Krókur, þá er Haugshús [...]“. Krókur var „sunnan við Sviðholtsbrunn“[118], „syðsta býlið, hjáleigan í Sviðholtslandi“ og honum tilheyrði lítið tún sem hét Krókstún.[119] Einnig segir: „Eyðibýlið Krókur var suðaustanvert við Sviðholtstún. Þar sér enn fyrir garði, Krókgarði, en vegurinn lenti yfir húsatætturnar. Krókur var grasbýli.“[120] Samkvæmt örnefnalýsingum lágu landamerki jarðanna Sviðholts og Brekku úr Grásteini [534]„í Króksgarð miðjan og þaðan í markastein fast norðan við sjávargötu frá Króki.“[121]

Til skamms tíma sást hluti af kálgarði sunnan við Suðurnesveg þar sem göngustígur greinist frá honum að Höfðabraut. Uppbyggður malbikaður vegur og gangbraut eru sunnan við þennan

[114] *Jarðabók*, 200, 202, 205-206, 208.
[115] Ö-Sviðholt KE.
[116] Ö-Álftaneshreppur GS, 172.
[117] *Sjósókn*, 33, 35.
[118] Ö-Bessastaðahreppur AG.
[119] Ö-Álftaneshreppur GS, 158.
[120] Ö-Sviðholt KE; sjá líka Ö-Álftaneshreppur GS, 158.
[121] Ö-Sviðholt KE; Ö-Brekka KE.

stað en hluti kálgarðsins lenti undir Suðurnesvegi þegar hann var fyrst lagður 1964. Síðan þá hefur meira horfið við vegabætur og lóðaframkvæmdir sunnan við veginn. Þar er nú nýlegt einbýlishús og nær moldaruppfylling fyrir lóð þess niður að gangbraut meðfram veginum. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu Króks en talið er að kálgarðurinn hafi verið þar sem kotið var áður. Kotið gæti því hafa verið rétt sunnan vegarins eins og garðurinn eða þá að það hefur lent undir veginum. Norðan vegarins eru sléttuð tún Sviðholts.[122]

### Krókstraðir [970] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Krókstraðir: Þær lágu heiman frá Króki út í Sviðholtstraðir [961] og einnig eru nefndar Króksbæjardyr sem voru landamerki gagnvart Sviðholti.[123] Ekki sér til þessara minja.




## Þórukot [340] býli

Samkvæmt Erlendi Björnssyni bjuggu um 1870 „Þorlákur, myndarlegur maður og vel látinn“ og „Ingibjörg, orðlögð merkiskona.“[124] Í örnefnalýsingum segir: „Þórukot: Hjáleiga úr Sviðholtslandi, vestur frá Sviðholti [960]. Þórukotstún: Túnið var allstórt, lá í kringum bæinn.“[125] „Þórukot er 50-100 metra norðan Haugshúsa [360]. Þar er nú stórt og reisulegt hús,

[122] Sjá líka: Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir, *Menningarminjar í Bessastaðahreppi*, 35-36.
[123] Ö-Álftaneshreppur GS, 158.
[124] *Sjósókn*, 33.
[125] Ö-Álftaneshreppur GS, 160.

að stofni til byggt úr gamla húsinu."[126] Bæjarstæði Þórukots hefur verið um 200 m vestan Sviðholtsbæjar á ávalri smáhæð þar sem nú stendur einnar hæðar timburhús. Fylgja mörk hæðarinnar umfangi núverandi húss og grundin er aflíðandi í vestur. Ekki sést til fornleifa og virðist líklegt að leifar eldra býlis hafi lent undir nýju byggingunni. Sléttuð tún eru allt í kringum hæðina.

### Fjósaflöt [361] heimild um fjós

„Fjósaflöt heitir fast norðvestan við Þórukot [340]" segir í örnefnalýsingu. Hún var líka kölluð Sviðholtsflöt, en heimildarmaður segir „hana hafa verið nefnda Fjósaflöt frá Þórukoti, enda átti Þórukot flötina."[127] Sléttað tún Fjósaflatar er fast norðan núverandi íbúðarhúss Þórukots, hallar örlítið í vestur og nær norður að túnjaðrinum en norðan hans tekur við íbúðarhúsabyggð. Aðeins örnefnið gefur til kynna að fjósið frá Þórukoti hafi verið á þessari flöt en stæðið gæti hafa verið þar sem nú er svolítill óræktarrimi í túninu, um 30 m beint norður af íbúðarhúsinu. Á þessu svæði er nú matjurtagarður umgirtur torfgarði sem núverandi ábúendur Þórukots hafa gert.

### Þórukotstraðir [966] gata

Í örnefnalýsingu segir: „Nú liggur vegur frá Sviðholti [960] niður að Þórukoti [340]. Þar voru áður Þórukotstraðir. Þær lágu upp á Sviðholtstraðir [961], sem lágu að Svalbarða [196]."[128] Ekki sést lengur til gömlu traðanna en þær hafa að öllum líkindum verið þar sem nú liggur heimreið með bundnu slitlagi að Þórukoti. Beggja vegna eru sléttuð tún.

### Þórukotsflöt [967] heimild um leikvöll

Í örnefnalýsingum segir: „Þórukotsflöt: Flöt í túninu sunnan bæjar. Þar fóru vermenn í bændaglímu og þar iðkuðu menn steintök og aðrar aflraunir."[129] Aflraunasteinar voru sunnan við Þórukot [340] fast austan við götu [969], sem lá neðan við kotið að vestan.[130] Steinarnir eru horfnir en Þórukotsflöt er hluti Þórukotstúns, rennislétt flöt milli golfvallar í suðri og Þórukots. Sunnan Þórukots eru sléttuð tún, í aflíðandi brekku mót vestri.

[126] Ö-Sviðholt KE.
[127] Ö-Sviðholt KE.
[128] Ö-Sviðholt KE.
[129] Ö-Álftaneshreppur GS, 160.
[130] Ö-Sviðholt KE.



## Þórukotsvör [627] lending

Í örnefnalýsingu segir: „Sunnan við Gellu [628] er svolítið þangskurðarpláss, u.þ.b. 60-70 m svæði. Sunnan við það er vör, sem skiptist í tvær af skeri í miðri vör. Norðan við skerið er Sviðholtsvör [626] og var hún frá Vesturbænum í Sviðholti [199]. Syðri vörin er Þórukotsvör.“ Fjaran hefur að líkindum tekið miklum breytingum vegna landbrots en þó má enn sjá Þórukotsvör rétt sunnan Sviðholtsvarar neðan við eða suðvestur af Þórukoti [340].

## Þórukotstúngarður [543] túngarður

Á túnakorti sést garður liggja suðvestan við tún býlanna Litlabæjar, Sveinskots og Bjarnastaða en landamerki þeirra snéru að Þórukoti [340]. Á mörkum þessara jarða norðan við Þórukotstún liggur um 340 m langur garður að suðvestan frá sjávarkambinum og óreglulega upp eftir í norðaustur. Hann endar við Bakkaveg sunnan Bjarnastaða. Í suðvesturendanum eru grjóthlaðin gerði upp við hann norðvestan megin. Á þeim kafla er hann hlaðinn úr grjóti og þó nokkuð gróinn, mest um 1 m á breidd og 0,6 m hár. Austar tekur svo við sinuvafinn ruðningur með grjóti. Sennilega er þetta túngarðurinn sem sýndur er á kortinu. Norðan við hann er óræktarræma og enn þá norðar íbúðabyggð. Sunnan megin er sléttað túnið frá Þórukoti.



**Mynd 27 Þórukotstúngarður**

## Hvanngarðsvöllur [578] kálgarður

Í örnefnalýsingum segir: „Hvanngarðsvöllur: Svo hét spilda í Sviðholtstúni, sunnan Þórukotsflatar [967].“[131] „Niður frá Vesturbænum í Sviðholti [960], meðfram Þórukotstúni að austan, var Hvanngarðsvöllur. Hann náði niður að Halldórsflöt í Haugshúsatúni.“[132] Nú liggur Suðurnesvegur, malbikaður, vestan við Sviðholt, og vestan við hann er sléttað Þórukotstúnið og suðvestar golfvöllurinn með bæjarhól Haugshúsa [198]. Hvanngarðsvöllur hefur miðað við lýsinguna verið nálægt Suðurnesvegi, milli Þórukots og Haugshúsa. Á því svæði í krikanum við Suðurnesveg norðan afleggjarans að golfskálanum er garður sem ætla má að sé Hvanngarður sá sem völlurinn var kenndur við. Garðurinn hefur stefnuna vestsuðvestur – austnorðaustur og vegghleðslur í kringum hann eru lágar og yfirgrónar, mest um 0,3 m að hæð.

[131] Ö-Álftaneshreppur GS, 160.
[132] Ö-Sviðholt KE.



**Mynd 28 Hvanngarðsvöllur [578]**

## Friðrikskot þurrabúð [580] býli

Í örnefnaskrá segir: „Friðrikskot: Þurrabúð í landi Sviðholts, sunnan við Litlabæ. Friðrikskotstún: Gerði eða túnbleðill við kotið. Friðriksgáfa: Svo var Friðrikskot nefnt í spaugi. Friðriksgáfa á Möðruvöllum í Hörgárdal, var á sínum tíma eitt stærsta hús á íslandi, en þetta eitt minnsta kot á Álftanesi.“[133] Samkvæmt örnefnalýsingu Sviðholts [199] er Friðrikskot sunnan til í miðju Bjarnastaðatúni en í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps er það staðsett „norðan Hjallakots [343] með Helguvík“.[134] Erlendur Björnsson merkir það inn á kort við sjóinn vestan við Þórukot [340], miðja vegu milli Hjallakots og Litlabæjar.[135] Virðist sú staðsetning sennilegri og hefur Friðrikskot þá verið á svipuðum slóðum og Hjallaland [971].

## Hjallaland [971] býli

Býlið Hjallaland er ekki merkt inn á nein kort en samkvæmt örnefnalýsingu stóð það á miðjum Hjallalandsvelli: „Býlið Hjallaland stóð neðan til á honum miðjum.“[136] Hjallalandsvöllur er nú sléttað tún syðst, en íbúðarhúsabyggð er risin á vellinum nyrst. Völlurinn er í aflíðandi halla mót vestri. Hjallaland er ekki merkt inn á kort Erlends Björnssonar. Hins vegar er Friðrikskot [580] haft á svipuðum slóðum. Í örnefnaskrá Álftaneshrepps er Hjallaland talið annað nafn á hjáleigunni Hjallakoti [343].[137]

[133] Ö-Álftaneshreppur GS, 161.
[134] Ö-Bessastaðahreppur AG; sjá einnig Ö-Sviðholt KE.
[135] *Sjósókn*, 34.
[136] Ö-Sviðholt KE.
[137] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.



**Mynd 29 Hlaðnir garðar [575-576-577] á Hjalllandsvelli**

## Hjallalandsvöllur [575] [576] [577] og Skiparéttargarður – Skiparéttargrandi [579] garðlög naust

Í örnefnaskrá Álftaneshrepps er Hjallalandsvöllur talin flöt „í túninu milli Bjarnastaða og Þórukots, frá sjó allt upp að Alfaravegi.“[138] Í örnefnalýsingu Bessastaðahrepps er Hjallalendisvöllur sagður liggja „neðan frá sjó alla leið að götu frá Þórukoti að Bjarnastöðum.“ Í örnefnalýsingu Sviðholts segir hins vegar: „Niður af [Fjósaflöt] er túnflötur, sem heitir Hjallalandsvöllur og nær hann alveg niður að sjó. Býlið Hjallaland [971] stóð neðan til á honum miðjum.“[139]

Hjallandsvöllur er nú sléttað tún í aflíðandi halla vestur að háum sjávarkambi neðan Þórukots. Neðst í vellinum, þ.e. í syðst og vestast, eru mikil grjóthlaðin garðlög með fyrirferðarmiklum torfkrögum í átt að Þórukoti. Garðlögin ná yfir um 70 x 60 m stórt svæði. Garðurinn er mjög greinilegur syðst þar sem hann er aðeins um 5 m austan við fjörukambinn en liggur svo áfram um 25 m beint í norður. Þá tekur við um 20 m rof á en síðan liggur garðurinn áfram um 20 m í norðvestur eftir fjörukambinum, beygir síðan skarpt í norðaustur um 10 m og svo aftur í austsuðaustur um 30 m og sveigir loks um 20 m beint í austnorðaustur í átt að Þórukoti. Grjóthleðslurnar eru nokkuð vel varðveittar og greinilegar, einkum í vesturendanum.

138 Ö-Álftaneshreppur GS,
139 Ö-Sviðholt KE.

Líklega er þarna varðveitt eitthvað af Skiparéttargarði [579] sem nefndur er í örnefnaskrá: „Skiparéttargrandi: grandi þessi eða hryggur í túni lá norðan til við Þórukot [340]. [...] Skiparéttargarður: Hann var neðan til við Þórukot neðst í Skiparéttargranda, mun hafa verið skipahróf nokkuð stórt.“[140]

Einnig má ætla að garðlögin hafi tengst hjáleigunum Hjallalandi [971] og Friðrikskoti [580] sem staðið hafa þarna. Torfkragar sem liggja austur frá garðinum upp eftir Hjallalandsvelli líkjast hins vegar helst ruðningum sem gætu verði frá seinni tíma túnasléttun.



## Hjallakot þurrabýli [343] og túngarður heimild

„Í Hjallakoti bjó Páll Stefánsson í þurrabúð“ segir Erlendur Björnsson og staðsetur hana á korti niður við Helguvík, beint vestur af Haugshúsum.[141] Staðsetning kemur saman við örnefnaskrá en þar er þurrabúðin kölluð Hjallakot eða Hjallaland [971].“[142] Landamerki jarðarinnar Sviðholts [199] lágu um norðanverða Helguvík en Hjallakot var upp af víkinni „rétt fyrir norðan merkin“ Þegar örnefnalýsing var gerð árið 1976 var þurrabúðin Hjallakot

[140] Ö-Álftaneshreppur GS, 160-161.
[141] *Sjósókn*, 33, 35.
[142] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.

„löngu komin í eyði“ og hafði „verið byggður sumarbústaður heldur nær sjónum en á tóftum þess.“[143] Hins vegar virðist Hjallaland þá vera talið annað býli en Hjallkot.

Hjallakot hefur verið rétt norðaustan við sumarbústaðinn sem nú er notaður sem golfskáli, vestan við bæjarhól Haugshúsa [198], um 20 m norðan við Halakotstjörn og leifar Halakotstúngarðs [557]. Við golfskálann og bæjarstæðið er nú malarborið hlað og þaðan liggur hálfmalbikaður malarvegur austur gegnum golfvöllinn meðfram Halakotstúngarði. Núverandi sjóvarnargarður við Helguvík er í um 15 m fjarlægð vestan megin. Hjallakot hefur verið rifið og jafnað í golfvöllinn en ekki virðist þó hafa verið byggt á rústum þess. Talsverðar ójöfnur á um 10 x 10 m svæði á yfirborði túnsins norðaustan við golfskálann gætu bent til að hleðslur séu undir sverði. Samkvæmt örnefnaskrá var Hjallakotstún „tún eða gerði sem tilheyrði Hjallakoti“ og „Hjallakotstúngarður: Túngarður norðan, austan og sunnan túnsins.“[144] Ekki sjást neinar fornleifar.



**Mynd 30 Þórukotstúngarður [543] Horft í norðaustur. T.h. er Þórukot.**

[143] Ö-Sviðholt KE.
[144] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.

## Sviðholtsvarir [626] lending

Í örnefnalýsingum segir: „Sviðholtsvarir: Þær voru norðan við Þórukotsvör [627]. Gella [628]: Svo hét ein Sviðholtsvara.“[145] „Sunnan við Gellu er svolítið þangskurðarpláss, u.þ.b. 60-70 m svæði. Sunnan við það er vör, sem skiptist í tvær af skeri í miðri vör. Norðan við skerið er Sviðholtsvör og var hún frá Vesturbænum í Sviðholti [199].“[146] Vörina virðist mega sjá um 140 m suðvestur frá Þórukoti og um 100 m suðaustur frá Gellu. Fjaran hefur að líkindum tekið miklum breytingum vegna landbrots en þarna ganga mjóir klettadrangar út í sjóinn og sýna hvar varirnar hafa verið. Vélhlaðinn sjóvarnargarður sem nú er á fjörukambinum fyrir ofan varirnar hefur einnig breytt útliti fjörunnar töluvert.

## Gella [628] heimild um lendingu

Í örnefnalýsingum segir: „Sviðholtsvarir: Þær voru norðan við Þórukotsvör [627]. Gella [628]: Svo hét ein Sviðholtsvara“.[147] „Gella heitir vör u.þ.b. 50-60 metrum sunnan við Bjarnastaðavör. Hún er á milli klappa. Setja þurfti bátana þar upp við klöpp. Vörin er nokkuð breið utan til, en þrengist þegar nær dregur fjörunni, en þar kvíslast hún svo í tvær varir og gengur stór klöpp fram á milli þeirra, efst. Norðari vörin var frá Grashúsum [023], en sú syðri frá Sviðholti [199], (þ.e. Austurbænum og Miðbænum).“[148] Gildur vélhlaðinn sjóvarnargarður er nú á fjörukambinum norðvestur frá Þórukoti [340]. Í fjörunni fast vestan sjóvarnargarðsins eru tvær klappir. Sú syðri sem hér er skráð er um 220 m vestnorðvestur frá Þórukoti. Norðar er Bjarnastaðavör. Fjaran hefur að líkindum tekið miklum breytingum vegna landbrots og framkvæmda við sjóvarnargarð.



Horft norðvestur yfir varirnar í Helguvík.

[145] Ö-Álftaneshreppur GS, 160.
[146] Ö-Sviðholt KE.
[147] Ö-Álftaneshreppur GS, 160.
[148] Ö-Sviðholt KE.

# Haugshús [198]

Haukshús eru konungsjörð og kölluð hálflenda árið 1703 en jarðardýrleiki óviss. Talið er að þau hafi byggst úr Sviðholtslandi.[149] Jörðin er síðan nefnd Haugshús, komin í bændaeign árið 1847 og metin á 8,3 hdr.[150] Samkvæmt örnefnaskrá var tún býlisins um tvö kýrfóður.[151] Erlendur Björnsson segir Þorstein Jónsson hafa búið þar og stundaði „mest róðra, hvenær sem gaf. Á móti honum bjó Pétur nokkur og einn húsmaður var þar einnig."[152]



**Mynd 31 Bæjarhóll Haugshúsa og brunnhús. Horft yfir til Sviðsholts.**

## Haugshús [360] þúst býli

Staðsetningu Haugshúsa má ráða af túnakorti 1917, korti Erlends Björnssonar og herforingjaráðskorti frá 1902 þar sem sést að gata heim að bænum hefur legið um 100 m suður frá Þórukoti [340].[153] Vestan megin er Hjallakot [343] beint fyrir ofan Helguvík og Halakot [310] beint í suður.[154] Afstaðan frá Hjallakoti er í samræmi við örnefnalýsingu en þegar hún var gerð voru Haugshús „komin í eyði fyrir löngu. Þar var löngum tvíbýli."[155] Í örnefnaskrá er einnig nefnt „salthús Haugshúsa."[156]

[149] *Jarðabók*, 205-206.
[150] *Jarðatal á Íslandi*, 93.
[151] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.
[152] *Sjósókn*, 33.
[153] *Herforingjaráðskort Dana*; *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o.fl.
[154] *Sjósókn*, 35.
[155] Ö-Sviðholt KE.
[156] Ö-Álftaneshreppur GS, 157.

Að sögn Gróu Guðbjörnsdóttur sem ólst upp í Hákoti á Álftanesi voru Haugshús á hólnum sem er þarna enn þá. Hóllinn er rétt sunnan við brunnhús [434] úr torfi og grjóti sem hefur varðveist frá 1950. Nú er golfvöllur allt í kring, frá Höfðabraut til Þórukots og frá Suðurnesvegi niður að sjó við Hjallakot. Sunnan bæjarhólsins er malarvegur niður að golfskálanum, fast sunnan hins gamla bæjarstæðis Hjallakots. Hóllinn er hér um bil á miðjum vellinum. Hann er um 45 x 45 m stór og um 0,5 m hár. Hann hefur verið sléttaður en þó ber á ójöfnum í honum. Þá er líka þúst um 15 m suðaustan háhólsins, um 1 m norðan vegarins að golfskálanum. Hún er um 8 m í þvermál og gætu þar verið leifar útihúss. Milli þessarar smáþústar og bæjarhólsins má sjá steina í sverðinum.



**Mynd 32 Haugshúsbrunnur [429] undir tréhlera. Horft yfir til bæjarhóls Haugshúsa, Þórukot til vinstri.**

## Haugshúsabrunnur [429] brunnur vatnsból

Þegar í *Jarðabókinni* árið 1703 kemur fram að aðrar jarðir þiggja vatnsból hjá Haugshúsum [360].[157] „Við merkin, niður frá Haugshúsum, var Haugshúsabrunnur“ segir svo í örnefnalýsingu, hann „ lá milli Haugshúsa og Halakots [310].“[158] Brunnurinn var yfirbyggður og tröppur niður í hann. Vatnsbólið kallaðist líka Haugshúsalind og það þraut aldrei.[159] Brunnurinn hefur varðveist og verið byrgður með tréhlera. Ekki er vitað hvort honum hafi verið raskað mikið en mögulega sjást tröppurnar enn þá. Brunnstæðið er í órækt norðaustan Halakotstjarnar, í vegkantinum sunnan við malarveginn að golfskálanum.

[157] *Jarðabók*, 206.
[158] Ö-Sviðholt KE.
[159] Ö-Álftaneshreppur GS, 166.



### Haugshúsabrunngata [430] heimild um leið

Samkvæmt örnefnaskrá lá Haugshúsabrunngata „frá brunninum heim til bæjar“ [360].[160] Ekki sést til götunnar því búið er að slétta úr svæðinu og gera golfvöll.

### Haugshúsahóll [431] landamerki

Í örnefnaskrá segir: „Haugshúshóll: Hóll þar sem bærinn stóð. Þar lágu við landamerki.“[161]

### Haugshúsagarður túngarður [432] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Haugshúsagarður: Túngarður að mörkum Haugshúsa og Sviðholts.“[162] Ekki sést til garðsins og hefur hann ef til vill verið sléttaður í golfvöllinn.

### Haugshúsaþúfa [433] landamerki

Í örnefnaskrá segir: „Haugshúsaþúfa: Þúfa heim við Haugshús. Landamerki Haugshúsa og Sviðholts.“[163]

[160] Ö-Álftaneshreppur GS, 166.
[161] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.
[162] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.
[163] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.



**Mynd 33 Myndin er tekin árið 2010 af brunninum [434]. Nú er búið að slétta úr honum.**

## Brunnhús [434] brunnur

Brunnhús þetta er sagt vera frá því um 1950. Að sögn Gróu Guðbjörnsdóttur sem ólst upp í Hákoti á Álftanesi voru Haugshús [198] á hólnum sem er þarna enn þá. Hóllinn er rétt sunnan við brunnhús [434] úr torfi og grjóti sem hafði varðveist frá 1950. Búið er að planta trjám í brunninn og fyrir örfáum árum var sléttað úr svæðinu. Þetta var heilmikill hóll og hugsanlega eru eldri mannvirki þarna undir.

## Brunnur [550] vatnsból

Hleðslur frá brunni má sjá í túninu um 30 m norðan við háhólinn á bæjarhól Haugshúsa. Þær eru sa. 2,5 x 2,5 m að ummáli.



**Mynd 34 Brunnur**

### Tómthús þurrabúð [435] heimild

Samkvæmt *Jarðabókinni* var „tómthús heima við bæinn“ árið 1703.[164] Haugshús liggja skammt frá Helguvík og því ekki langt að fara í Haugshúsavör og hefur hentað að hafa tómthúsið nálægt bænum. Ekki er hægt að staðsetja þessi tómthús.

### Haugshúsavör [696] lending

Í *Jarðabók* árið 1703 segir: „Heimræði er árið um kríng og lending góð“.[165] Samkvæmt örnefnaskrá er fjaran neðan Haugshúsa kölluð Haugshúsafjara og þar var einnig Haugshúsavör, vör Haugshúsa.[166] Þetta er við Helguvík þar sem fleiri bæir voru með varir.

## Halakot [310] bæjarstæði býli heimild

Halakot er merkt inn á túnakort um 170 m vestan við Svalbarða [475]. Þá virðast steinhús eða timburhús hafa verið í bæjarröðinni vestanverðri en stakt torfhús austan megin. Vegur var heim að bæ frá götunni [652] þar sem nú heitir Höfðabraut. Bæjarstæðið er á rennisléttum golfvelli í aflíðandi halla að Halakotstjörn sem er um 20 m vestan við það. Í endurminningum Erlends Björnssonar kemur fram að á grasbýlinu Halakoti hafi venjulega verið hafðar þrjár kýr.[167] Búið er að rífa bæinn og öll ummerki um hann eru horfin en gerði um matjurtagarð norðan hans sést enn þá.

„Suðurmörk Halakots „voru með sýsluvegi frá Sólbarði og niður að Melshúsalandi. Austurmörk voru frá smiðju í Sólbarði – norður að Haugshúsalandi. Þaðan vestur í Helguvík. Á mörkum suður frá Haugshúsum er gamall öskuhóll og garðbrot. Sjór, þ.e. Helguvík, ræður svo merkjum að vestan.“[168]



**Mynd 35 Gerði [554] við Halakot. Horft í suðaustur í átt að íbúðarhúsahverfi og landi Skógtjarnar.**

[164] *Jarðabók*, 203-206.
[165] *Jarðabók*, 206.
[166] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.
[167] *Sjósókn*, 34.
[168] Ö-Skógtjörn KE.

## Gerði kálgarður [554] garðlag

Á túnakorti 1917 sést kálgarður norðan megin við bæjarhús Halakots. Hann er umgirtur hlöðnu gerði á allar hliðar að húsunum.[169] Þegar örnefnalýsing var gerð standa enn grjótgarðsbrot þar sem býlið var.[170] Gerðið sést enda enn þá, um 32 x 21 m stórt með 0,6 m háum hleðslum úr torfi og grjóti. Tvö op eru á lengri hlið gerðisins suðvestanmegin, hið norðvestara 2 m langt en hið suðaustara 5 m langt. Þarna stóðu bæjarhúsin samkvæmt túnakortinu. Styttri hlið gerðisins suðaustan megin hefur orðið fyrir skemmdum og rofnað. Þó sést móta fyrir veggnum. Gerðið er slétt að innan með smábungu í miðjunni.

## Halakotsbrunngata [546] heimild um leið

Í Örnefnaskrá kemur fram að Halakotsbrunngata hafi legið frá Halakoti að Haugshúsabrunni.[171] Halakot var þó líka með sinn eigin brunn [545]. Búið er að slétta úr túninu fyrir golfvöll.

## Halakotsbrunnur [545] vatnsból

Á túnakorti frá 1917 er merktur inn brunnur 40 m vestur frá bæjarhúsum á Halakoti [310]. Þar er nú þúst, um 2,5 m að þvermáli og 0,6 m á hæð, og sjást steinar í hliðum hennar. Í þústinni eru síðustu leifar Halakotsbrunns en þær eru mjög raskaðar. Þetta er á austurbakka Halakotstjarnar í deiglendi á mörkum tjarnarinnar og túnsins. Ofan og austan brunnleifanna er þurr og sléttur golfvöllur.



**Mynd 36 Kálgarður [556] frá Halakoti. Myndin er tekin í norðvestur.**

[169] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[170] Ö-Skógtjörn KE.
[171] Ö-Álftaneshreppur GS, 166.

## Kálgarður [556] garðlag

Á túnakorti frá 1917 er merktur inn garður hlaðinn úr grjóti eða torfi um 70 m norðnorðaustur frá Halakoti [310]. Hann liggur þétt upp við túngarð eða landamerkjagarð [486] að norðan sem liggur í austur. Leifarnar af þessu gerði eru sýnilegar. Hleðslurnar sjást að norðan, austan og sunnan en eru mjög signar, um 0,3 m að hæð. Vestan megin virðast þær hafa verið flattar út í golfvöllinn sem er afar ójafn á þessu svæði. Vestari hlutanum af hleðslum suðurhliðarinnar gæti líka hafa verið rutt upp í suðausturhornið þar sem er hrúga af grjóti. Garðurinn snýr í austur – vestur eins og á túnakortinu og gegnir landamerkjagarðurinn hlutverki norðurlanghliðar. Á túnakorti er ritað „órækt“ inn í hann sem bendir til að hann hafi verið fallinn úr notkun þegar á þeim tíma. Leifar af merkjagirðingunni eða túngarðinum eru líka sýnilegar. Neðan við þennan garð er Halakotstjörn og blautt upp að henni. Sléttaður golfvöllur er allt í kring.



**Mynd 37 Leifar af Halakotstúngarði [557] en hann liggur sunnan við veginn frá Golfskálanum að Höfðabraut.**

## Halakotstúngarður [557] garðlag

Á túnakorti má sjá girðingu liggja norðan Halakots [310] og í austurátt suður fyrir Haugshús [198] og Sviðholt [199]. Samkvæmt örnefnaskrá fylgdi nokkurt tún Halakoti og

Halakotstúngarður hét „túngarður norðan, austan og sunnan túnsins."[172] Vestan megin var sjórinn. Samkvæmt annarri örnefnalýsingu „er gamall öskuhóll og garðbrot" á mörkum Halakots og Haugshúsa, þ.e. norðan Halakots.[173] Um landamerki jarðarinnar Sviðholts segir að „frá markasteini vestan við Sviðholtstraðir [961] „ræður garðlag niður að sjó" en þar liggja merkin um norðanverða Helguvík rétt sunnan við Hjallakot.[174] Garðlag er enn þá varðveitt sunnan Hjallakots og liggur að suðvestan frá norðurenda Halakotstjarnar, sunnan megin meðfram malarvegi frá golfskálanum við Hjallakot. Sléttaður golfvöllur er allt í kring. Þetta eru um 200 m langt garðlag sem nær norðaustur að Höfðabraut, sinuvafið en sést þó víða grjót í því. Það er mjög raskað eins og því hafi verið ýtt frá við gerð vegarins og væri því réttara nefnt ruðningur en hleðsla.

### Mótekja [558] heimild

Í örnefnalýsingu segir: „Upp af Helguvík er malarkampur. Ofan hans er tjörn, nefnd Halakotstjörn. Mótekja var bæði fyrir ofan og neðan kampinn og þótti þar sérstaklega góður mór. Fínn sandur er í fjörunni í Helguvík. Í stórbrimum dregst sandurinn út og sést mósvörðurinn þá greinilega. Hefur Sigurfinnur [heimildarmaður skrásetjara] séð þar tré að sverleika við símastaura."[175] Þetta er í landi Halakots.

### Halakotsvör [559] lending

Samkvæmt örnefnaskrá lá Halakotsfjara „um malarkampinn nær allan" og Halakotsvör „var í fjörunni vestur og fram frá" Halakoti [310].[176]

[172] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.
[173] Ö-Skógtjörn KE.
[174] Ö-Sviðholt KE.
[175] Ö-Skógtjörn KE.
[176] Ö-Álftaneshreppur GS, 162.




**Mynd 38 Fornleifar á Melhúsum. Sést vel þarna hvernig bæjarhólinn hefur farið undir veg og íbúðarbyggð.**

# Melshús [194]

Mölshúsa er getið meðal konungsjarða á Álftanesi árið 1703, talin byggð úr landi Skógtjarnar en jarðardýrleiki er óviss. Samkvæmt *Jarðatali* Johnsens er hún komin í bændaeign árið 1847, eigandinn býr sjálfur á jörðinni og dýrleikinn er 8,3. Samkvæmt Erlendi Björnssyni bjuggu þar á síðari hluta 19. aldar tveir grasbýlismenn, Ísak Eyjólfsson og Oddur Erlendsson, „báðir duglegir sjómenn og álitnir góðir formenn.“ Auk þeirra voru tveir þurrabúðarmenn búsettir í Melshúsum og var annar þeirra Jón Vigfússon, „orðlagður aflamaður á grunni.“[177] Anna Ólafsdóttir Björnsson vitnar í minningar Guðnýjar Klemensdóttur um Melshús, en hún lýsir ofurlitlum torfbæ sem kúrði á sjávarbakkanum, hálfhulinn hvönn. „Hann var aðeins tvær burstir og svo samofinn umhverfinu að erfitt var að sjá hvar hlaðið tók við.“[178] Á eftir fylgir nokkuð nákvæm lýsing á bænum eins og hann var í byrjun 20. aldar. Í örnefnaskrá kemur hins vegar fram að bæirnir voru þrír. Melshús sem einnig er kallað Mölshús eða Mulshús „var í eina tíð kallað hálfbýli en seinast þurrabúð“ með þríbýli. „Melshúsatún fóðraði tvær kýr en var komið eyði við örnefnaskráningu eftir miðja 20. öld. Í túninu neðan við bæina var svolítil tjörn, Melshúsatjörn eða Lambhagatjörn.[179] Árið 1917 var túnið 1,8 teigar en sjór flæddi yfir

[177] *Sjósókn*, 34-35; staðsetningu Melshúsa má einnig sjá á *Örnefnakorti Álftaness*.
[178] Anna Ólafsdóttir Björnsson, *Álftaness saga*, 189.
[179] Ö-Álftaneshreppur GS, 169.

þau.[180] Melshús lágu á Hliðsgranda á leiðinni út á Hliðstanga með sjávarlónið Skógtjörn suðaustan megin og Helguvík norðvestan megin og ágangur sjávar frá báðum hliðum var orðið vandamál þegar árið 1703.[181] Samkvæmt örnefnalýsingu voru „norðurmörk jarðarinnar [...] eftir sýsluvegi [314] niður að Búðarflöt [875]“ suðvestan megin og þaðan niður í Ós en að austan réði Skógtjörn.[182] Miðað við þetta var nesið Melshúsagrandi innan landamarka Melshúsa.

### Melshús [867] bústaður þurrabúð heimild

Á túnakorti frá árinu 1917 má sjá byggingu sem liggur rétt við fjöruna fyrir botni Helguvíkur. Hún samanstendur úr fjórum samföstum torfhúsum sem virðast snúa í suður burt frá víkinni. Norðar og nær sjónum eru tvö minni hús en sunnar tvö stærri hús og virðist hið vestara vera með standþili.[183] Kannski eru þetta Melshúsabæirnir sem hafa þá verið sambyggðir. Samkvæmt örnefnalýsingu stóðu Melshús hins vegar „áður fyrr norðanmegin við Helguvík; kálgarðar miklir voru þar“ en bæjarhúsin hafa síðan verið færð sunnar.[184] Bæjastæði Melshúsa er nú komið undir íbúðahúsabyggð og veg.




**Mynd 39 Túnakort frá Melshúsum 1917. Sýnir heilmikil umsvif á svæðinu við Helguvík**

[180] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[181] *Jarðabók*, 200.
[182] Ö-Skógtjörn KE.
[183] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[184] Ö-Skógtjörn KE.

### Útihús [868] heimild

Skammt suðvestan við íbúðarhúsin í Melshúsum [194] sýnir túnakortið útihús úr torfi.[185] Húsið er komið undið íbúðarhúsabyggð.

### Útihús [869] heimild

Austan við Melshúsabæina [194] sýnir túnakortið þrjár samhliða og samfastar torfbyggingar, tvö hús vestar og austan við þau tóft sem opnast í suðvestur. Þetta eru líklega útihús.[186] Húsið er komið undið íbúðarhúsabyggð.

### Útihús [870] heimild

Hinum megin heimreiðar, rétt suðvestan við þrískipta útihúsið [869], er á túnakortinu lítið ferhyrnt útihús úr torfi.[187] Það er komið undir íbúðarhúsabyggð.

### Kálgarðar [871] heimild

Matjurtagarðar náðu yfir 3220 m2 svæði í Melshúsum [194]. Á túnakortinu má sjá garða allt í kringum bæjarhúsin, íbúðarhús [867] og útihús [868-869-870]. Þeir eru umgirtir görðum hlöðnum úr grjóti eða torfi sem liggja upp að sjóvarnargarði [872] rétt norðan við bæjahúsin.[188] Garðarnir eru komnir undir íbúðarhúsabyggð.

### Melshúsavör [873] heimild um lendingu

Samkvæmt *Jarðabók* árið 1703 var heimræði frá Melshúsum [194] „árið um kring og lending sæmileg". Skip ábúandans gengu eftir hentugleikum.[189] Seinna bjuggu miklir aflamenn í Melshúsum. Í örnefnaskrá segir: „Melshúsavör: Hún lá samhliða Skógtjarnarvör [642], austan við."[190] Hennar sér enn merki, að hún hafi verið rudd og henni vel við haldið, þótt hún sé ekki lengur í notkun.[191] Melshúsavör [874] er við Helguvík. Hugsanlega má greina leifar af vörinni á loftmynd.

### Melshúsabúð [874] heimild um verbúð

Í örnefnaskrá segir: „Melshúsabúð: Búðin stóð litlu sunnar, en Skógtjarnarbúð [675]."[192] Búðin hefur verið skammt frá Melshúsavör [873] við Helguvík, neðan Melshúsa [194]. Hafi búðin staðið við sjó er hún komin undir sjóvarnargarðinn en ef hún hefur staðið á Búðarflöt [875] þá er búið að slétta úr öllu þar.

[185] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[186] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[187] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[188] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[189] *Jarðabók*, 200.
[190] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[191] Ö-Álftaneshreppur, 170.
[192] Ö-Álftaneshreppur, 170.

### Búðarflöt [875] heimild um leikvöll

Í örnefnaskrá segir frá Árnabúðarflöt sem var vestast í túni Árnakots [676] bak við Árnakotsbúð [648]: „Búðarflöt: Flötin var aðeins kölluð svo. Hér komu vermenn saman og varð flötin fræg fyrir bændaglímur þeirra.“[193] Búðarflöt var „land frá Vestri-Skógtjörn [...] á milli Melshúsalands og Hliðslands.“ Hún náði yfir mjótt eyði á Hliðsgranda, Mjóddina, sem var aðeins um 50 m og voru girðingar á mörkunum báðum megin. Búðarflöt er að sunnanverðu við Helguvík, nokkuð stór og hefur samkvæmt örnefnalýsingum náð frá Árnakotsbúð til Brekkubúðarvarar [604].[194] Miðað við örnefnakort af Álftanesi nær Búðarflötin út á Melshúsagranda þannig að vestasti hluti hennar er innan skipulagssvæðisins. Á Búðarflöt hafa staðið búðir frá hinum ýmsu bæjum í nágrenninu. Ekki sést þó til fornleifa á svæðinu.

### Sjóvarnargarður [872] heimild

Á túnakortinu er þykkur grjóthlaðin sjóvarnargarður á sjávarbakkanum meðfram Hliðsgranda og liggur hann fast norðan við Melshús [194] og sveigir síðan í vestur og suður út meðfram Melshúsagranda vestanverðum.[195] Þessi garður er nú kominn undir vélhlaðinn sjóvarnargarð og malbikaðan veg.

### Kálgarðar [975] [976] [977] [978] [979] heimild

Á túnakorti Melshúsa [194] má sjá nokkra umgirta garða sem merktir eru mismunandi býlum. Vestur og suðvestur frá Melshúsum eru fjórir garðar sem liggja inn meðfram sjóvarnargarðinum [872] þar sem hann beygir suður út á Melshúsagranda, eyraroddann sem lá suður út í Skógtjarnarós. Nyrsti garðurinn [975] er merktur Árnakoti [676] og hefur verið rétt hjá Búðarflötinni [875]. Þykkur grjóthlaðinn garður liggur í kringum hann. Næstur fyrir sunnan er garður [976] sem virðist merktur einhverjum Ólafi eða Ólöfu því nafnið er skammstafað Ól. Þar fyrir sunnan er þriðji garðurinn [977] merktur Bj. sem tilheyrir þá sennilega Bjarnastöðum. Fjórði og syðstur í þessari röð er annar garður [978] merktur með skammstöfuninni Ól. Innan hans er opin hústóft [979] sem sýnist vera úr torfi. Hinum megin eða austan við þessa garða var áður lítil tjörn sem ýmist nefndist Melshúsatjörn eða Lambhagatjörn. Flæddi sjór inn í hana á stórstreymsfjöru en gréri vel umhverfis.[196] Þar sem garðarnir voru er nú íbúðarhúsabyggð.

### Brekkuflöt [981] heimild um kálgarð

Á túnakorti má sjá kálgarð umgirtan hleðslum suður úti á Melshúsgranda og er nafnið Brekkuflöt ritað við hann með spurningarmerki. Hann hefur þá kannski tilheyrt Brekku [300]. Garðurinn hefur lent undir íbúðarhúsabyggð.

[193] Ö-Álftaneshreppur, 170.
[194] Ö-Skógtjörn KE.
[195] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*
[196] *Túnakort Mölshúsa og Árnakots.*



**Mynd 40 Leifar af grjóthlöðnum garði á Melshúsgranda.**

### Kálgarður [981] garðhleðsla

Á túnakorti má sjá stóran umgirtan garð syðst á Melshúsagranda. Hann hefur stefnuna norðaustur – suðvestur og liggur meðfram sjávarsíðunni austan megin í grandanum. Garðurinn er um 35 x 85 m á stærð, merktur Bj. og hefur því kannski tilheyrt Bjarnastöðum. Hleðsla frá þessum garði hefur varðveist á 6 m kafla neðan við lóð Lambaga 16 en íbúðarhúsagata er nú á grandanum.

## Lambhagi [399] heimild um þurrabúð

Þurrabúðin Lambhagi lá suður frá Melshúsum [867], úti á Melshúsagranda sem einnig var kallaður Lambhagatangi eða Lambhagi. Samnefnd þurrabúð var því í landi Melshúsa. Staðsetningin sést á korti Erlends Björnssonar sem segir að ábúandinn á síðari hluta 19. aldar, Hannes, hafi alltaf gert út skip á vertíðum.[197] Samkvæmt örnefnalýsingum var býlið Lambhagi yst á tanganum eða syðst við ósinn en hann var „horfinn fyrir alllöngu“ þegar þær voru gerðar.[198] Á Melshúsagranda er nú íbúðarhúsabyggð.

[197] *Sjósókn*, 34-35.
[198] Ö-Skógtjörn KE; Ö-Álftaneshreppur, 169.

## Sjóvarnargarður [388] heimild um garð

Lambhagatún var samkvæmt örnefnaskrá „túnbleðill kringum þurrabúðina“ sem „eyddist mjög af sjávarágangi. Var svo hlaðinn varnargarður og hefur land síðan aukist við varnargarðinn.“[199] Garður þessi er horfin en grjótruðningur er neðan túna íbúðabyggðar ofan sjávar.




**Mynd 41 Fornleifar á Brekku.**

[199] Ö-Álftaneshreppur, 169-170.

## Brekka [197]

Búseta á Brekku nær að minnsta kosti aftur til miðrar 16. aldar sé miðað við ritheimildir en jarðarinnar er getið í jarðskiptabréfi frá 1556 þar sem samþykkt er að eignarhald átta jarða, þar á meðal Brekku, færist frá Skálholtsdómkirkju til konungs.[200] Árið 1703 er jörðin enn þá konungseign en jarðardýrleiki er óviss. Tún eru farin að spillast vegna sjávarágangs og átroðnings af almenningsvegi. [201] Í *Sýslu- og sóknalýsingum* frá 1842 er Brekka sögð metin á 16 hdr. og var fáum árum áður seld í sjö pörtum þótt ekki hafi verið skráð lagaheimild fyrir því.[202] Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 er jörðin komin í bændaeign og metin á 16 og 2/3 hdr.[203] Á túnakorti frá 1917 kemur fram að jörðin er 12,2 teigar með hjálendum, tún að mestu sléttuð en þó nokkuð farin að þýfast aftur. Samtals hafa garðarnir á Brekku náð yfir yfir um 3000 fm2 svæði en þá eru þeir sem eru við hjáleigurnar sennilega taldir með.[204] Talað var um Brekkuhverfi en innan þess voru bæirnir Brekka, Brekkukot [337], Kirkjubrú [325] og Núpskot [304].[205] Samkvæmt *Sýslu- og sóknalýsingum* voru auk þess tvö tómthús við Brekku en ekki kemur fram hvar þau stóðu.[206]

### Brekka [300] bæjarhóll bústaður

Á túnakorti frá 1917 sést ferhyrnd bygging sem virðist vera úr timbri. Hún er hólfuð í þrennt og er syðsta rýmið stærst. Sennilega er þetta gamli bærinn á Brekku. Bæjarstæðið er á Granda, hrygg sem liggur allt vestur frá Hliði austur að Skerjafirði en „er einna hæstur um Brekku.“ Gamli bærinn var fast vestan við núverandi íbúðarhús sem byrjað var að byggja úr timbri árið 1939. Síðar var bætt við steinsteyptum byggingum með með kjallara.“[207] Eldri leifar bæjarhúsa má þá ef til vill finna undir núverandi íbúðarhúsi en gætu þó einnig verið í hæð rétt vestan við Granda. Sú hæð er 16 m á lengd, 15 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð og stendur upp úr annars sléttu túni.

[200] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XIII, 139.
[201] *Jarðabók*, 203-204.
[202] *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 25.
[203] Jarðatal, 93.
[204] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[205] Ö-Álftaneshreppur GS, 173.
[206] *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 229.
[207] Ö-Brekka KE.



**Mynd 42 Bæjarstæði á Brekku í dag.**

### Útihús [301] þúst

Á túnakorti frá 1917 sést útihús innan við 5 m vestsuðvestan við Brekku [300] í suðausturhorni matjurtagarðs [542]. Húsið hefur stefnuna norður – suður og hefur sennilega verið úr torfi. Þar sem útihúsið hefur staðið er nú lítil hæð í túninu.

## Brekkukot býli [337] heimild

Á túnakortinu er býlið Brekkukot merkt inn ofan við kálgarðana [542] vestan við Brekku [300]. Ofan við bæjarnafnið er heitið Bjarnarkot sett í sviga með spurningarmerki. Hefur það þá kannski verið annað nafn á Brekkukoti. Býlið er ekki teiknað.[208] Samkvæmt örnefnalýsingu stóð Brekkukot á svipuðum stað og íbúðarhúsið Smiðshús stendur nú, „beint vestur af Brekku c.a. 10 m vestan við merkin“ milli Brekku og Brekkukots. „Smiðshús var reist þar sem neðri kálgarðurinn var“ og telur heimildarmaður við örnefnasöfnun að Brekkukot „hafi staðið í efri (nyrðri) garðinum.“[209] „Brekkukotstún: Lá bæði norðan og sunnan bæjarins og eins að vestan.“[210]

### Brekkuhóll [341] heimild um öskuhaug

Fast austan við húsið sem nú stendur á Brekku [197] var svokallaður Brekkuhóll samkvæmt örnefnalýsingu: „Hann mun hafa verið hæstur þar sem hlaðan er nú [...] Brekkuhóll mun hafa verið forn öskuhaugur. Upp úr honum kom mikið af fiskibeinum, ösku og múrsteinsbrotum, þegar grafið var fyrir hlöðunni, einnig mikið af skeljum, en þær munu hafa verið bornar heim

[208] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[209] Ö-Brekka KE.
[210] Ö-Álftaneshreppur GS, 173.

og skorið úr þeim heima á bæjunum hér áður.“[211] Brekkuhóll var austan við núverandi íbúðarhús á Brekku. Sléttað hefur verið úr hólnum að hluta og á honum byggð útihús, þar á meðal hlaðan.

### Brekkuviti [514] heimild um vita

Áður var viti var á Brekkuhól en „hann mun hafa verið lagður niður 1906.“[212] „Hans sáust engin merki 1914.“[213]

### Kálgarður [535] heimild

Austan og sunnan megin bæjarins á Brekku [197] eru á túnakorti sýndir tveir aflangir matjurtagarðar með stefnu nokkurn veginn vestur – austur. Kringum þá liggja gerði hlaðin úr grjóti eða torfi nema hvað gaddavírsgirðing sýnist vera norðan megin á þeim syðri.[214] Sjávargatan [311] liggur á milli þeirra. Garðlög eru ekki lengur sýnileg á yfirborði.

### Kálgarðar [542] heimild

Tveir samfastir heldur stærri kálgarðar eru sýndir á túnakorti rétt vestan Brekkubæinn [197], báðir umgirtir hlöðnum veggjum. Sá eystri hefur tilheyrt Brekku [300] en sá vestari Brekkukoti [337] og liggur túngarður á milli þeirra um 30 m vestan við íbúðarhúsið.[215] Landamerkin milli bæjanna hafa þá væntanlega legið eftir þessum garði.[216] Vestari garðurinn skiptist aftur í tvo hluta, minni syðri garð og stærri nyrðri garð og liggur Sjávargatan [311] á milli þeirra. Örnefnalýsingu ber saman við túnakortið um þetta: „Fyrir 1950 voru þarna tveir kálgarðar og umhverfis þá hlaðnir grjótgarðar.“[217] Ekki sést lengur til þessara garða.

### Brekkubrunnur vatnsból [312] heimild

Á túnakorti sést brunnur um 80 norðnorðvestan við bæinn á Brekku [300], staðsettur austan megin við norðurendann á merkjagarði milli Brekku og Brekkukots.[218] Hann nefndist Brekkubrunnur og er í örnefnalýsingum sagður vera í Brekkulandi, fast fyrir austan merkin eða „í mýrarjaðrinum milli Brekku og Króks [338].“[219] „Í hann var sótt vatn frá Brekku.“[220] Brunnurinn hefur verið um 2-3 m austan við túnjaðar og heimreið að Smiðshúsum, 30-40 m ofan við Suðurnesveg. Fyllt hefur verið upp í hann þannig að hann sést ekki lengur á yfirborði. Umhverfis eru sléttuð tún en grasið er aðeins lægra á svæðinu þar sem brunnstæðið á að hafa verið.

[211] Ö-Brekka KE.
[212] Ö-Brekka KE.
[213] Ö-Álftaneshreppur GS, 172.
[214] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[215] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[216] Sbr. Ö-Brekka KE.
[217] Ö-Brekka KE.
[218] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[219] Ö-Álftaneshreppur GS, 173.
[220] Ö-Brekka KE, 3.

### Markasteinar [605] heimild um landamerki

Samkvæmt örnefnalýsingu eru landamerki á milli Brekku [197] og Brekkukots [337] um 30 m vestan við núverandi íbúðarhús Brekku og „á merkjunum suðvestan við húsið er Markasteinn, þunnur steinn, sem stendur upp á endann.“[221] Annar Markasteinn stóð milli Brekkukots og Svalbarða [196].[222] Þeir eru horfnir.

### Útihús [302] heimild

Á túnakorti frá 1917 sést útihús um 80 m suðvestan af Brekku [197]. Þetta útihús hefur staðið neðarlega í túninu með stefnuna norðvestur – suðaustur fast upp við túngarðinn [313] og virðist hafa verið úr steini eða torfi. Engin ummerki sjást lengur um það.

### Brekkubrunngata leið [303] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Brekkubrunngata: Hún lá neðan frá Brunni heim til bæjanna.“[223] Leiðin hefur legið í gegnum túngarðinn og sést op í gegnum garðinn ennþá.

## Kirkjubrú [325] heimild um bæjarhól

Á túnakorti frá 1917 má sjá býlið Kirkjubrú, staðsett um 220 m austan við Brekku [197]. Þar er þó einungis teiknað eitt lítið hús, líklega úr torfi. Það hefur stefnuna norður – suður og fyrir norðurgaflinum virðist vera opin tóft út að götunni [652] sem liggur þarna framhjá. Við deiliskráningu árið 2004 hafði Kirkjubrú verið í eyði í nokkur ár en þar stóð gamalt steinhús, tvílyft með kjallara, og auk þess útihúsaskúrar sem ekki voru niðurgrafnir.

Af túnakortinu að dæma hefur bærinn áður staðið um 20 m vestan við stæði þess. Við skráningu á vettvangi 2004 var þar hóll, um 25 x 25 m á stærð en 0,5 m á hæð. Hann var nokkuð raskaður og miklar ójöfnur í honum en húsum hafði verið ýtt í suður niður hólbrekkuna og þar fyrir neðan var brak frá spýtum og steypubrot. Að sögn Friðriks Jóhannssonar ábúanda í Sviðholti stóðu útihús á hólnum í seinni tíð. Allt bæjarstæðið var því raskað af sléttun, niðurrifi og nýrri byggingum. Á þessum tíma var gamli bæjarhóllinn þó enn þá varðveittur og var hann skráður, hnitsettur og merktur á kort.[224] Þrátt fyrir það hafa ný íbúðarhús verið byggð á staðnum síðan þá án nauðsynlegrar aðgæslu. Bæjarhóll Kirkjubrúar er því kominn undir byggð og er það miður. Engu að síður þarf að gæta að því í framtíðinni að leifar eldri bæjarins geta leynst undir nýrri byggingum.

[221] Ö-Brekka KE; sjá líka Ö-Álftaneshreppur, 172.
[222] Ö-Álftaneshreppur GS, 172.
[223] Ö-Álftaneshreppur, 173.
[224] Guðrún Alda Gísladóttir, *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 29-30 (nr. GK-197:007).

### Kálgarður Kirkjubrú [305] heimild um garðlag – hleðslu

Kálgarður er teiknaður inn á túnakortið sunnan og vestan megin við bæinn á Kirkjubrú. Kringum hann liggur garður hlaðinn úr grjóti eða torfi.[225] Við fornleifaskráningu árið 2004 var skráð hleðsla sem varðveist hafði sunnan heimreiðar að Kirkjubrú [325] og hafa þar sennilega verið leifar af grjóthlöðnu gerði kringum kálgarðinn. Hleðslan var um 20 m suðaustan við gamla bæjarhólinn og 20 m sunnan við þáverandi íbúðarhús á Kirkjubrú. Hún var um 16 m löng og 0,4 m há með stefnuna suðvestur – norðaustur. Í henni sáust mest fjögur umför af grjóti en breiddin var óljós þar eð hún myndaði eins konar kant neðan við malarborið hlaðið á Kirkjubrú og mölin lá að hluta til yfir hana. Neðan og sunnan hleðslunnar var á þessum tíma órækt, gras, njóli og moldarflag og hafði trjám verið plantað í flagið.[226] Þótt gerðið hafi verið skráð árið 2004 voru ný íbúðarhús byggð á staðnum og minjarnar hafa verið eyðilagðar.

### Brunnur Kirkjubrú [329] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Gamall brunnur var niður undir jaðri Suðurtúns á Kirkjubrú [325] og Kumlamýri [306] c.a. 50 m suður af íbúðarhúsinu, nú löngu horfinn.“[227] Bæjarstæði Kirkjubrúar var mikið raskað af niðurrifi bygginga og sléttun við fornleifaskráningu árið 2004 en brunnurinn hefur líklega verið sunnan við steinsteypta húsið sem þá var uppistandandi. Frá bæjarhólnum [325] var aflíðandi halli til suðurs niður að gamla brunnstæðinu. Fyllt hafði verið í brunninn og yfir stæði hans var sléttað tún sem farið var að hlaupa í þúfur. Vestan við brunnstæðið var ávalur hóll og aflíðandi brekka til austurs að órækt í túnjaðri.[228] Ekki sást til fornleifa árið 2004 og nú hefur íbúðahúsahverfi risið á svæðinu.

### Brunnur Kirkjubrú [330] – heimild

Samkvæmt örnefnaskrá var annar yngri brunnur um „15 m norðan við húsið [...] og var hann notaður þar til vatnsveita kom á Álftanes 1971.“[229] Þarna mun átt við steinhúsið sem enn þá stóð við fornleifaskráningu árið 2004. Norðan við það var malarvegur og brekka norðan undir honum. Þar var einnig hestagirðing sem var hlaupin í þúfur en ekki sást til brunnsins.[230] Nú hafa ný íbúðarhús verið byggð á svæðinu.

## Núpskot [304] bæjarstæði býli

Býlið Núpskot er ekki teiknað en nafnið merkt inn á túnakortið um 170 m austan við Brekku [197], suðvestan við Kirkjubrú [325]. Samkvæmt örnefnaskrá var Núpskot „á miðju Suðurtúni Kirkjubrúar (Ath.: en talað var um Norðurtún og Suðurtún sitt hvoru megin í áðurnefndum

[225] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[226] Guðrún Alda Gísladóttir, *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 30 (nr. GK-197:009).
[227] Ö-Brekka KE.
[228] Guðrún Alda Gísladóttir, *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 33 (nr. GK-197:024).
[229] Ö-Brekka KE.
[230] Guðrún Alda Gísladóttir, *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 33 (nr. GK-197:025).

hæðarhrygg [þ.e. Granda] - bæði frá Brekku og Kirkjubrú). Á rústum þess var kálgarður fram til 1940.“[231] Hann er teiknaður inn á túnakortið. Túnið kringum býlið nefndist einnig Núpskotstún og Núpsflöt.[232] Þar sem Núpskot var áður var ávalur hóll, um 30 x 30 m að þvermáli og 0,3-0,4 m hár, við fornleifaskráningu árið 2004. Mörk hans voru þó óskýr þannig að hann rann saman við túnið í kring. Það hafði verið sléttað og rústirnar þá líklega verið jafnaðar við jörðu um leið. Landinu hallaði í suður og austur. Ekki sást til fornleifa á yfirborði en gert var ráð fyrir að hleðslur leyndust undir sverði.[233] Þrátt fyrir nákvæma skráningu hefur bæjarhóll Núpskots að hluta til lent undir nýrri íbúðarhúsabyggð.

## Garðlag [518] og þúst [517] tóftir

Rétt fyrir neðan bæjarstæði Núpskots [304] má greina þúst eða svolítinn hól í túninu og mjög sokkið garðlag, 16 m langt. Hugsanlega eru þetta leifar af kálgarði sem sýndur er á túnakorti þar sem Núpskot stóð. Sléttað hefur verið úr túninu þannig þessar minjar eru ógreinilegar.

## Tóft [647] heimild um tóft

Við deiliskráningu árið 2004 fannst tóft norðurtúni, um 40 m norðnorðaustur af Kirkjubrú [325]. Hún var einföld, 3 x 2 m að stærð, með stefnuna austur – vestur. Hún var grafin inn í brekkuna að sunnan en grjót sást í hleðslum norðurveggjar. Austurgaflinn var alveg opinn og steinn var í miðri tóftinni. Norðurtúnið var á þeim tíma hrosshólf, allt hlaupið í þúfur, og svæðið mjög raskað.[234] Þrátt fyrir nákvæma skráningu tóftarinnar hefur henni því miður verið eytt við byggingu íbúðarhúsahverfis og er nú alveg horfin.



**Mynd 43 Leifar af útihús [328] við hlaðið upp við túngarðinn.**

[231] Ö-Brekka KE, 4.
[232] Ö-Álftaneshreppur GS, 173
[233] Guðrún Alda Gísladóttir, *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 30 (nr. GK-197:008).
[234] Guðrún Alda Gísladóttir, *Deiliskráning í Bessastaðahreppi*, 34 (nr. GK-197:033).

## Útihús [328] tóft

Á túnakorti frá 1917 sést útihús sunnan við Núpskot [304], um 300 m suðaustur af Brekku [197]. Suðurgaflinn er samfastur túngarði.[235] Tóftin frá þessu húsi er 6 x 4 m að utanmáli og veggirnir mjög grónir.

## Tóft [516] tóft og garðlag

Þúst með tóft og garðlagi er norðan við veginn [512] sem liggur frá Núpskoti [304] um Mela og hlykkjast í átt að Selskarði. Tóftin er um 80 m austsuðaustur frá útihústóft [328] sunnan við Núpskot. Blautir lyngmóar eru í kring og svæðið er nú notað undir hesta. Þústin er 8 x 4 m að stærð og um 0,4 m að hæð. Sunnan og vestan megin við hana er um 0,3 m há hleðsla með tveimur sýnilegum umförum.

## Sjávargata leið [311], vegur [652] og Brekkutraðir [307] heimild

Á túnakorti frá 1917 er merktur inn vegur eftir hryggnum Granda. Vegurinn hefur líklega legið að austan frá Bessastöðum en á kortinu sést hann fast norðan Kirkjubrúar [325] og gæti nafn bæjarins þá tengst því að hann lá á leiðinni til og frá Bessastaðakirkju. Frá Kirkjubrú liggur vegurinn áfram vestur um hlaðið á Brekku, sunnan megin bæjar [300], og heitir sá hluti Brekkutraðir [307]. Þaðan liggur leiðin áfram gegnum kálgarð við Brekkukot [337], og suður fyrir bæinn á Svalbarða [475]. Þar tengdust Sviðholtstraðir [961] honum að norðan og traðir frá Skógtjörn [400] og Árnakoti [676] að sunnan. Frá Svalbarði liggur vegurinn svo áfram vestur fyrir sunnan Halakot [310] og lá heimreið kotsins suður í veginn. Vegurinn liggur alla leið vestur að Hliði þar sem hann tengist Hliðsvegi [2263]. Þessi leið er líka sýnd á herforingjaráðskorti frá 1902.[236] Sá hluti þessarar leiðar sem lá frá Brekku til sjávar nefndist Sjávargatan [311]. Í örnefnalýsingu segir að Sjávargatan hafi legið milli kálgarða við Brekkukot: „Hún var fjölfarin gönguleið, því eftir henni var t.d. gengið til kirkju að Bessastöðum af bæjunum vestan við Brekku.“[237] Gatan var notuð fram eftir öldinni en ekkert sést lengur til þessarar leiðar. Þar sem vegurinn lá fyrrum við Kirkjubrú er malarstígur og vel gróið næst honum. Í kringum Brekku eru hins vegar malbikaðar húsagötur og íbúðarhúsabyggð og umhverfið þar og við vestari bæina er mjög breytt.

## Brekkutúngarður [313-644-649] garðlag landamerki

Á túnakorti sést hvar túngarður hlaðinn úr grjóti eða torfi liggur frá Svalbarði [475] austur og suðaustur neðan túna Brekku [197] og Kirkjubrúar [325] og síðan vestur og norður í sveig upp meðfram bæjarstæði Kirkjubrúar. Garðurinn endar skammt frá gömlu garðlagi sem liggur síðan áfram fyrir norðan bæina allt að Brekkubrunni [312].[238]

[235] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.
[236] *Herforingjaráðskort Dana*.
[237] Ö-Brekka KE, 2; Ö-Álftaneshreppur GS, 173.
[238] *Túnakort Brekku, Skógtjarnar, Halakots, Svalbarðs* o fl.



**Mynd 44 Brekkutúngarður og Sýsluvegurinn austan megin við.**

Í örnefnalýsingum segir: „Garðlagið: Garðlag þetta lá frá Grásteini [534] vestur að Króki [338].“ Það hét einnig Brekkutúngarður en hann var „garður af grjóti neðan bæjarins vel hlaðinn og stæðilegur enn.“[239] Brekktúngarður liggur „sunnan túnanna frá áðurnefndum Grásteini í stefnu rétt sunnan við Selskarð. Hann ræður merkjum á móti Skógtjörn [195]. Áður mun vegur hafa legið þar sem þessi garður er í stefnu á Selskarð.“[240] Greinilegur grjóthlaðinn túngarður er enn þá varðveittur á 80-100 m kafla sunnan við íbúðarhúsið á Brekku. Hann er hlaðinn úr stórum grjóthnullungum, allt að 3 m á breidd og mest um 0,8 m á hæð en þó nokkuð mishár. Hann hefur stefnuna austur – vestur með nokkrum litlum beygjum. Túngarðurinn afmarkar tún Brekku til suðurs, við túnjaðar Brekkulands, en er auk þess ennþá greinilegur vestar í íbúðarhúsabyggð.

[239] Ö-Álftaneshreppur, 172.
[240] Ö-Brekka KE.



**Mynd 45 Sýsluvegurinn horft í átt að Selskarði.**

## Sýsluvegur [314], [513] vegur leið og [511] ræsi í vegi

Í örnefnalýsingum segir: „Sýsluvegurinn: Lagður laust fyrir aldamótin 1900 austan frá Selskarði vestur milli Skógtjarnar og Brekku. Þjóðvegurinn: Sýsluvegurinn var einnig kallaður svo.“[241] „Áður mun vegur hafa legið þar sem þessi garður er í stefnu á Selskarð. Hann hefur verið upphlaðinn og púkkaður. Þetta var fyrsti vegur um Suðurnesið og var byggður nokkru fyrir aldamótin.“[242]

Hér er vísað til girðingarstæðis eða túngarðs [547] sem varðveittur er að hluta en vestast meðfram honum liggur upphlaðinn beinn vegur. Stefnan er fremur á nýrra bæjarstæði Selskarðs en hið eldra. Vestar er tún ofan vegarins en austar framræstar mýrar og þýfi.

Vegurinn er orðinn talsvert úr lagi genginn enda byggður á mjög blautu undirlagi. Hlaðið hefur verið undir hann með grjóti. Hleðslur eru 0,2-0,4 m háar að sunnan en lægri að norðan því örlítill halli er á landinu. Vegurinn er að minnsta kosti 400 m langur og víðast um 2 m breiður. Hann liggur í suðaustur – norðvestur. Gerðar hafa verið vegabætur á nokkrum

[241] Ö-Álftaneshreppur GS, 168.
[242] Ö-Brekka KE.

stöðum, til dæmis hlaðið ræsi í gegnum veginn til að koma í veg fyrir að vatn safnaðist ofan hans. Stungið hefur verið fyrir ræsinu og það lagt hellum sem eru reistar á rönd og að lokum lagðar hellur yfir.



**Mynd 46 Ræsi á sýsluvegi [314]**

## Leið – krossgötur [316] heimild

Í örnefnaskrá segir: „Á hryggnum norðan við Kumlamýri [306] er stórgrýtt mel- og móholt, sem nefnt er Grandi. Austast á honum eru krossgötur.“[243] Að öllum líkindum hafa alla tíð verið krossgötur austast á Grandanum og svo er enn í dag. Göturnar eru malbikaðar og umhverfið raskað. Austast á Grandanum liggja vegir til allra átta: Suðurnesvegur til vesturs, Norðurnesvegur til norðurs og suðurs og Bessastaðavegur til austurs. Á herforingjaráðskorti frá árinu 1902 eru sýndar helstu leiðir á Nesinu.[244] Þar sjást krossgöturnar á Grandanum: vegur til Eyvindarstaða liggur til norðurs og vegur [652] liggur til suðvesturs eftir Grandanum og til norðausturs út að Bessastöðum.[245]

[243] Ö-Brekka KE.
[244] *Herforingjaráðskort Dana.*
[245] Anna Ólafsdóttir Björnsson, *Álftaness saga*, 167.



**Mynd 47 Manngerður hóll hugsanlega kuml.**

## Kumlamýri [306] og kuml [459] og [460] rista og kuml

Í *Jarðabókinni* árið 1703 segir um Brekkuland: „Torfrista og stúnga fer mjög til þurðar."[246] Ekki er vitað hvar mór var tekinn í Brekkulandi en það gæti hafa verið í Kumlamýri. Samkvæmt örnefnalýsingu er hún austan Kirkjubrúartúns og „nær að Lambhúsatjörn. Nær því austast í henni liggur nú þjóðvegurinn út á Álftanes."[247] Kumlamýri er framræst og sléttuð. Sléttað túnið er skorið af skurðum og mýrin hefur áður verið slegin þannig að örnefnið gæti vísað til heykumla.[248] Mýrin gæti þó einnig verið kennd við kuml sem virðist mega sjá austan megin í henni. Við Lambhústjörn, rétt austan þjóðvegarins eru tveir reglulegir hólar. Sá þeirra sem er norðar [459] og nær hringtorginu er greinilega manngerður og sá syðri [460] mögulega líka.

[246] *Jarðabók*, 204.
[247] Ö-Brekka KE, 3.
[248] Ö-Brekka KE, 3.

## Núpsstíflur [650] heimild um stíflu

Samkvæmt örnefnaskrá rann Núpslækur úr Kumlamýri í Lambhústjörn. Núpsstíflur voru stíflur í læknum.[249]



**Mynd 48 Grásteinn [534] fleygförin sjást ennþá vel.**

## Grásteinn landmerki [534] landamerki álfasteinn

Nokkrar örnefnalýsingar segja frá Grásteini, stórum steini „á Brekkugranda við vegamótin."[250] Hann er „fast norðan við veginn, sem liggur út á Suðurnes".[251] Í hann lágu landamerki Sviðholts og Brekkukots.[252] Grásteinn er um 290 m norðaustan við Brekku [300] og 700 m austnorðaustan við Sviðholt [199]. Hann er um það bil 10 m norðan Suðurnesvegar á náttúrulega hryggnum Granda. Samkvæmt örnefnaskránni býr huldufólk í Grásteini. „Eitt sinn var reynt að kljúfa Grástein og sjást enn þá fleygaförin í honum. Þegar menn voru byrjaðir að kljúfa sýndist þeim húsin á Eyvindarstöðum standa í loga og fóru að athuga. Reyndist þá ekki vera kviknað í. Önnur tilraun var gerð til að kljúfa Grástein og fór allt á sömu leið. Hefur það ekki verið reynt síðan."[253] Grásteinn stendur enn á sama stað, um 3,2 x 2

[249] Ö-Álftaneshreppur GS, 173.
[250] Ö-Álftaneshreppur GS, 172.
[251] Ö-Brekka KE.
[252] Ö-Sviðholt KE; Ö-Brekka KE.
[253] Ö-Brekka KE.

m að grunnmáli og 1-1,5 m á hæð. Hvort huldufólk eigi bústað í steininum skal ósagt látið en fleygaför eru vel greinanleg í honum.

### Brekkuvör [601] heimild um lendingu

Í örnefnaskrá segir: „Brekkuvör: Hún var vestan við Melhúsavör.“ Hennar sér enn merki, að hún hafi verið rudd og henni vel við haldið, þótt hún sé ekki lengur í notkun.[254]

### Brekkubúð [602] heimild um þurrabúð

Í örnefnaskrá segir: „Brekkubúð: Hún stóð ofan Brekkuvara. Brekkubúðaroddi: Lítill tangi fram í sjó milli varanna.“[255] Hins vegar mætti ætla að búðin hafi líka tengst Brekkubúðarvör sem er kennd við hana. Þar eð talað er um Brekkuvarir í fleirtölu má ef til vill ætla að þar sé vísað til Brekkuvarar og Brekkubúðarvarar saman og að vermenn sem lentu í þessum tveimur vörum hafi þá samnýtt búðina. Erlendur Björnsson segir að þurrabúðarmaðurinn Jóhann hafi búið í Brekkubúð á síðari hluta 19. aldar.[256]

### Brekkubúðarvör [604] heimild um verbúð

Í örnefnanefnaskrá segir: „Brekkubúðarvör: Hún var næst fyrir vestan Árnakotsvör við Hliðsgranda.“ Miðað við það hefur hún verið sunnan við grandann, skammt vestan við Lambhaga og hefur Brekkubúð þá staðið á Hliðsgranda um það bil miðja vegu á milli Brekkubúðarvarar og Brekkuvarar sem var norðan við grandann. Örnefnalýsingum ber þó ekki saman því annars staðar er Brekkubúðarvör sögð hafa verið við Helguvík, Skógtjarnarmegin við Hliðsós, og þá norðan við Hliðsgranda eins og Brekkuvör.

[254] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[255] Ö-Álftaneshreppur GS, 170.
[256] *Sjósókn*, 34.

## Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar 189 fornleifar sem tengjast þéttri búsetu, kvikfjárrækt og sjósókn: bæjarhólar, tóftir bæja og útihúsa, brunnar, gerði og garðlög, verbúðir og varir, leiksvæði og fornar leiðir.

**Svæði 1: Breiðamýri**

Reitur 1 nær yfir Breiðumýri [968] þar sem bæirnir á svæðinu höfðu áður torfristu og mótekju en hún hefur nú verið framræst og þurrkuð. Í suðausturenda mýrarinnar er Grásteinn [534], álfasteinn og landamerki, og yfir suðvesturhornið liggur forn gata, svokölluð Sviðholtsbrú [449].

**Svæði 2: Krókur**

Sviðholtsbrú liggur áfram norðvestur um Sviðholtstún og vestur fyrir ofan Sviðholtsbæinn rétt innan norðurmarka skipulagssvæðis 2. Hinn forni bæjarhóll Sviðholts [960] er í norðvesturhorni túnsins rétt utan skipulagsmarka við norðvesturhorn reits 2. Sunnan hans eru varðveitt brot af hlöðnum bæjartröðum [961] og garðhleðslur [965]. Þessar minjar eru rétt við mörk skipulagsreits 2 og hluta innan þeirra og þarf að gæta þess að þær verði ekki fyrir hnjaski við framkvæmdir. Einhvers staðar í túninu suðvestan Sviðholts stóð þurrabúðin Krókur [338] en hennar sér nú engin merki og hefur hún líklega lent undir Suðurnesvegi. Breiðamýri teygir sig einnig yfir á þetta svæði og hér eru því ekki margar fornleifar.

**Svæði 3: Helguvík**

Við Helguvíkina var að finna fjöldann allan af kotbýlum með görðum, útihúsum og brunnum. Auk Þórukots [340] voru þarna smábýlin Friðrikskot [580], Hjallaland [971], Hjallakot [343], Haugshús [360] og Halakot [310]. Þau hafa flest verið sléttuð í túnið við gerð golfvallar Álftnesinga en búast má við að leifar af þeim flestum séu undir sverðinum. Minnstar líkur eru á því að eitthvað hafi varðveist af Hjallakoti sem stóð neðarlega við sjóinn nálægt stæði golfskálans en á því svæði hefur mestu verið raskað. Gamla Þórukotið hefur líklega lent undir núverandi íbúðarhúsi en bæjarhóll Haugshúsa er enn nokkuð greinilegur þar sem hann rís upp úr miðjum vellinum. Þá eru leifar af gerði [544] sem lá við Halakot [310] enn ágætlega varðveittar og Hvanngarður [578] sem tilheyrði Sviðholti er sýnilegur austan megin í túninu. Norðan og vestan megin eru miklar garðhleðslur og eru Þórukotsúngarður [543], garðlög á Hjallalandsvelli [575-576-577] og Skiparéttargarður [579] nokkuð vel varðveitt. Hins vegar hefur Halakotstúngarður [557], einnig nefndur Svalbarðstúngarður [486], raskast mikið við gerð vegar að golfskálanum. Bæjarstæði Svalbarða [475] er á mörkum reita 3 og 5 hefur lent undir veginum að hluta til. Miklar líkur eru þó á því að leifar þess sé að finna undir þýfðu túninu rétt norðan við veginn. Í Helguvík, neðan bæjanna, voru áður lendingar og sjást sumar varirnar greinilega á fjöru.

**Svæði 4: Kumlamýri**

Lítið er um fornleifar á þessu svæði en í Kumlamýrinni sjálfri er ekkert manngert og búið að ræsa hana fram þannig að leifar af mógröfum [306] sjást ekki. Troðningar [512] lágu suðaustur yfir mýrina en sú leið er ekki vel varðveitt. Við hana eru tóftarbrot [516]. Austan við Álftanesveginn, við vesturbakka Lambhústjarnar, eru hins vegar tveir áhugaverðir hólar [459-460] sem virðast manngerðir, einkum sá nyðri [459] og eru þarna hugsanlega kuml frá heiðnum sið. Aðeins rannsókn getur staðfest hvort svo sé. Á þessu svæði á einnig að hafa verið svonefnt Hreppahlið [680] en engin merki eru um það í dag.

**Svæði 5: Skógtjörn**

Á þessu svæði er finna best varðveittu og sýnilegu fornleifarnar en þó hafa bæjarhólar líka horfið undir byggð.

Í Brekku [300] hefur verið samfelld byggð lengi og er því ekkert að sjá til minja á bæjarhólnum en þar standa enn þá hús og útihús. Minjar geta þó leynst í túnbleðlinum vestan við núverandi íbúðarhús. Brekkukot [337] er alveg horfið undir byggð. Þegar Kirkjubrú [325] var skráð við fornleifaskráninguna árið 2004 var bæjarhóllinn enn sýnilegur ásamt hleðslum í nágrenni hans. Ekkert var þó aðhafst til að vernda eða kanna þessar minjar nánar áður en ráðist var í byggingu íbúðahverfis. Bæjarstæðið allt ásamt minjum hvarf því undir byggð án undangenginnar rannsóknar.

Engar minjar sjást lengur við Melshús [867] og má ætla að þær séu flestar komnar undir veg og íbúðabyggð. Hugsanlega leynast þó minjar á lóðum þeirra húsa sem standa þar í dag við Höfðabraut út við Helguvík. Kotið Lambhagi [399] er líka horfið undir byggð. Við Árnakot – Vestri-Skógtjörn [676] eru heldur engar sýnilegar fornleifar á yfirborði en austan við núverandi íbúðarhús er tún þar sem áður hafa staðið útihús og súrheysturn sem stendur enn þá. Á því svæði má sjá uppsafnaðan jarðveg sem bendir til að minjar gætu leynst þar undir.

Bæjarstæði Skógtjarnar [400] hefur að hluta til verið raskað með nýjum byggingum á Eystri-Skógtjörn og Tjarnarlandi en hluti þess er þó varðveittur á óbyggðri lóð og fundust þar 500-600 ára gamlar mannvistarleifar við fornleifarannsókn.

Bæjarstæði kotbýlanna Eysteinskots [319], Dómhildarkots [320], Gíslakots [323], Hólakots [324] og Núpskots [304] hafa öll verið sléttuð en miklar líkur eru á því að leifar þeirra sé enn að finna undir sverðinum enda sjást misjöfnur í túninu. Núpskot hefur þó sennilega skaðast eitthvað við byggingu á Tjarnabrekku 4 og þarf að huga að því ef byggja á meira á þessu svæði.

Hafa verður hugfast að bæjarhólarnir hafa varðveislugildi jafnvel þótt minjar séu ekki sýnilegar á yfirborði og ný hús hafi verið byggð. Þetta á ekki síst við þar sem byggt hefur verið á sama stað um aldir eins og á Skógtjörn [400].

Túngarðar og sjóvarnargarðar eru vel varðveittir á svæðinu og má þar nefna Brekkutúngarð [313-644-649], Skógtjarnartúngarð [638], Lásakotstúngarð [691] og sjóvarnagarð við

Skógtjörn [674]. Svo miklir garðar hafa ekki varðveist annars staðar á Álftanesi og er mikilvægt er að reyna að varðveita þá áfram. Önnur garðlög á svæðinu eru ekki eins heilleg og gætu verið hlutar af girðingastæði [515 og 547]. Við túngarðana á svæðinu er líka að finna tvær ágætlega varðveittar tóftir, annars vegar tóft [639] við Skógtjarnartúngarð og útihús [328] við túngarð [649]. Þá er Sýsluvegurinn [314-513] líka þokkalega varðveitur með ræsum og væri hægt að nýta hann sem hluta af gönguleið um svæðið.

Best varðveittu minjarnar eru þó bæjarstæði Lásakots [657] og minjarnar sem eru rammaðar inn af Skógartjarnartúngarði að austan og Lásakotstúngarði að vestan, nánast ósnortnar af nútíma framkvæmdum. Hvergi annars staðar á Álftanesi finnast svo vel varðveittar minjar frá 19. öld. Þarna gefst mikilvægt sýnishorn af tóftum kotbýlis með útihúsum, gerðum, garðlögum, tröðum og brunnum og bera minjarnar því vitni hvernig búskaparhættirnir voru á þeim tíma.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

# Heimildir

Anna Ólafsdóttir Björnsson. *Álftaness saga: Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir.* Reykjavík: Þjóðsaga, 1996.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, XIII. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1933-1939.

*Íslenzkt fornbréfasafn*, VII. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1903-1907.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

*Sjósókn: Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólsstöðum.* Skráðar af Jóni Thorarensen. Reykjavík, 1945.

*Sturlunga saga*, II. Ritstjóri: Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Svart á hvítu, 1988.

## Fornleifaskráning

Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir. *Menningarminjar í Bessastaðahreppi.* FS226-03211. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2004.

Guðmundur Ólafsson og Kristinn Magnússon. *Fornbýlið Skógtjörn við Miðskóga á Álftanesi: Fornleifakönnun á bæjarhól*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2001.

Guðrún Alda Gísladóttir. *Deiliskráning í Bessastaðahreppi: Fornleifaskráning á völdum aðalskipulagsreitum.* FS237-04031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2004.

